

Hampiðjan hf.

Ársreikningur samstæðu 2025

Ársreikningur samstæðu 2025

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5 - 8
Rekstrarreikningur samstæðu.....	9
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu.....	9
Efnahagsreikningur samstæðu.....	10
Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu.....	11
Sjóðstreymi samstæðu.....	12
Skýringar.....	13 - 36
Viðaukar - óendurskoðaðir	
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	37 - 39
Skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB.....	39 - 43
Stjórnarháttayfirlýsing.....	44 - 47

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Skarfagörðum 4
Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Dótturfélögin eru, Hampidjan New Zealand á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry á Írlandi, Cosmos Trawl í Danmörku, Von í Færeyjum, Hampidjan Canada í Kanada, Hampidjan Baltic í Litháen, Kohinoor á Indlandi, Hampidjan Australia í Ástralíu, Hampiðjan TorNet á Spáni, Jackson Trawl og Jackson Offshore í Skotlandi, Hampiðjan Ísland á Íslandi, Voot á Íslandi, Eldi Protection AS í Noregi, Fasteignafélagið Miðhús á Íslandi og Mørenot Holding í Noregi.

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra, framleiðsla og sala á vörum fyrir fiskeldi og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði laga um ársreikninga. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. (félagið) og dótturfélaga þess (samstæðan).

Rekstur og fjárhagsleg staða

Í byrjun febrúar 2025 tilkynnti félagið að það hefði undirritað samning um kaup á 75,1% hlut í indverska neta- og kaðlaframleiðslufyrirtækinu Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. Kohinoor er einn stærsti framleiðandi kaðla og neta á Indlandi með um 700 starfsmenn og þrjár starfsstöðvar. Tvær neta- og kaðlaverksmiðjur í Selu og netaverkstæði í Jalna. Félagið er einnig með söluskrifstofur víða á Indlandi. Fyrir Hampiðjuna skapa þessi viðskipti mikla möguleika á hagræðingu í rekstri og sókn inn á nýja markaði. Virðisikeðja Hampiðjunnar, frá plastkornum til fullkomnustu flottrolla og fiskeldiskvía, breikkar við kaupin á Kohinoor og rennir enn styrkari stoðum undir reksturinn.

Kohinoor hefur gengið frá kaupum á 120.000 m² lóð á iðnaðarsvæðinu Auric, sem staðsett er nærri borginni Aurangabad. Búið er að semja við verktaka og hafa þeir hafið vinnu við byggingu á tveimur stórum framleiðslusólum, öðrum fyrir samsetningu fiskeldiskvía og hinum fyrir netahnýtingu, samtals um 56.000m². Einnig verða byggðar nýjar skrifstofur Kohinoor á Indlandi ásamt þjónustubyggingu. Samtals telur þessi áfangi um 59.200 m². Áætlað er að klára þessar framkvæmdir seinnipart ársins 2026 og hefja starfsemi í fyrri framleiðslusalnum í byrjun september og að seinni salurinn sé tilbúinn í byrjun október.

Á árinu var starfsemi sem staðsett var í Póllandi flutt að mestu til Indlands og félaginu Poldan í Póllandi slitið. Einnig var félagið Morenot Denmark lagt niður og starfsemi þess flutt að hluta til Noregs. Stefnt er að flytja að mestu alla framleiðslu á fiskeldiskvíum innan samstæðunnar til Indlands. Einnig er búið að færa þangað framleiðslu á sportsnetum og hefðbundnum Danline köðlum. Á árinu 2026 mun félagið færa eins mikið af framleiðslu sinni og hægt er til Indlands og síðan á árinu 2027 verður tilfærsla frá Evrópu til Indlands klárð. Tækifærin sem skapast við þessa flutninga eru fjölbætt. Rekstrarumhverfi fyrir framleiðslufyrirtæki á Indlandi er mjög hagstætt og eru bæði vinnulaun og rekstrarkostnaður mjög hagstæður miðað við framleiðslu í Evrópu. Byggingarkostnaður er mun lægri en í Evrópu þrátt fyrir vandaða og ítarlega byggingarstaðla.

Í ágúst gekk Hampiðjan hf. frá kaupum á ástralska félaginu International Rope Braid (IRB) en það fyrirtæki er staðsett á Gold Coast rétt fyrir sunnan Brisbane á austurströnd Ástralíu. IRB sérhæfir sig í að flétta kápur utan um ýmsar gerðir af ofurtógum ásamt framleiðslu á slíkum tógum fyrir margs konar viðskiptavinum. Mest er þó salan tengd seglskútum og stærri vélbátum ásamt sölu til fyrirtækja í námuvinnslu, fiskeldi, fiskveiðum og öðrum iðnaði. Félagið mun styðja vel við starfsemi Hampiðjunnar í Ástralíu og munu félagin vinna náið saman að uppbyggingu á mörkuðum í Ástralíu.

Hjá dótturfélaginu Vonin Scotland er unnið að uppbyggingu á fullkominni þjónustumiðstöð fyrir fiskeldi á eyjunni Skye í Skotlandi og stefnt er að því að hún verði komin í rekstur næsta sumar. Bætist hún við tvær aðrar þjónustustöðvar sem félagið rekur á svæðinu, á Hjaltlandseyjum og á Hebrideseyjum. Félagið er þar með komið í lykilstöðu í þjónustu við fiskeldisfyrirtæki, sem eru í mikilli uppbyggingu, á Skotlandi.

Í byrjun desember tilkynnti félagið að öll starfsemi sem tengist fiskeldi verði sameinuð undir einu alþjóðlegu félagi og að félagið hafi fengið nafnið Eldi. Höfuðstöðvar Eldi verða í Noregi og móðurfélagið verður Eldi Holding. Umfangsmesta starfsemi félagsins er eðlilega í Noregi sem er stærsta laxeldisland í heimi. Innan Eldi verða 7 dótturfélög til að byrja með. Til viðbótar mun nýstofnað fyrirtæki í Síle og tvö önnur er verða stofnuð á næstu misserum í Óman og Sádi Arabíu og verða þá félögin innan Eldi 10 talsins.

Stofnun Eldi hefur í för með sér töluverðar breytingar innan Hampiðjusamstæðunnar þar sem fyrirtækin sem mynda Eldi störfuðu áður undir nöfnum Hampiðjunnar, Mørenot, FiiZK og Vónin. Í þremur fyrirtækjum þar sem bæði fiskeldi og veiðarfæraþjónusta var sinnt þarf að skilja fiskeldishlutann frá annari starfsemi. Þannig hefur fiskeldisþjónusta Hampiðjunnar á Íslandi verið sett í sér félag undir nafninu Eldi Iceland. Einnig verður fiskeldisþjónusta Vónin í Færeyjum, sem staðsett er í Norðskála, sett í sér félag sem mun bera nafnið Eldi Faroes. Í félaginu Vónin Refa í Noregi hefur einnig verið blandaður rekstur fiskeldis og veiðarfæraþjónustu. Þar verður rekstrinum einnig skipt upp í tvö félög.

Það eru bundnar miklar vonir við að þessari endurskipulagningu fylgi töluverð hagræðing þar sem nú er hægt að samræma allt markaðsstarf, vöruþróun, þjónustuframboð og framleiðslu með skýrri stefnumótun og efla þar með samtakamáttinn í fiskeldishlutunum. Mest af fiskeldisþjónunum verða framleiddir hjá Kohinoor á Indlandi en þær pantanir sem verður að afgreiða með skömnum fyrirvara verða sem fyrr framleiddir hjá framleiðsludeild Vónin Lithuania í Litháen. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að sameina skjóta afgreiðslu þegar mikið liggur við og hagkvæma framleiðslu á Indlandi hjá Kohinoor.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 359,7 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 311,0 milljónir evra eftir leiðréttingu fyrir aflagðri starfsemi. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 2.645, en voru 1.941 árið áður. Um 66% starfsmanna hjá samstæðunni eru karlar og 34% konur, en 95% stjórnenda eru karlar og 5% konur. Laun og launatengd gjöld námu 99,5 milljónum evra, þar af voru 12,6 milljónir evra launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 6,0 milljónir evra en árið áður var hagnaður 14,0 milljónir evra. Heildareignir samstæðunnar voru 547,5 milljón evrur í árslok og eigið fé var 270,3 milljónir evra en af þeirri upphæð eru 15,9 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaganna, Von í Færeyjum, Swan Net Gundry á Írlandi, Jackson Trawl og Jackson Offshore Supply á Skotlandi, Voot á Íslandi, dótturfélaga Von í Færeyjum, Kohinoor á Indlandi og dótturfélags Cosmos Trawl í Danmörku. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 49,4% í árslok.

Vegna rekstrarársins 2025 leggur stjórn Hampiðjunnar til að á árinu 2026 verði greiddur 0,4 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa að upphæð kr. 275 milljónir. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Hlutfé og samþykktir

Útgefið hlutfé Hampiðjunnar er kr. 636 milljónir í lok ársins, en félagið á eigin hluti að upphæð kr. 9,4 milljónir. Hlutféð er í einum flokki sem er skráð í Nasdaq OMX Nordic Exchange. Fjöldi hluthafa í félaginu var 1.935 í árslok en í byrjun ársins var fjöldi hluthafa 2.282. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

	31.12.2025	
	Nafnverð	
Hluthafi	í þús. kr.	Hludt.%
Hvalur hf	232.896	37,17%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	40.105	6,40%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	39.685	6,33%
Lífsverk lífeyrissjóður	25.712	4,10%
Festa - lífeyrissjóður	22.860	3,65%
Gildi lífeyrissjóður	20.296	3,24%
Ingibjörg Björnsdóttir	18.469	2,95%
Hlér ehf	17.284	2,76%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	16.508	2,63%
Birta lífeyrissjóður	12.029	1,92%
	445.844	71,15%
Aðrir hluthafar	180.701	28,85%
Útistandandi hlutfé	626.545	100,00%
Eigin hlutir	9.437	
Útgefið hlutfé	635.981	

Stjórnunarhættir

Stjórn Hampiðjunnar hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er þrír karlmenn (60%) og tveir kvenmenn (40%).

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í viðaukanum Stjórnarháttaryfirlýsing sem fylgir ársreikningnum.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif Hampiðjunnar í tengslum við umhverfismál, félagsmál og starfsmannamál sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingamálum eru birtar í viðauka.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2025 og breytingum á handbæru fé á reikningsárinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði ársreikingalaga.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn með skráarheitið "25490002T5TRM5T6US82-2025-12-31-1-is.xbri" hafi verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið og reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/815 (ESEF reglur).

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikning samstæðunnar.

Reykjavík 5. mars 2026

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson
Formaður stjórnar

Auður Kristín Árnadóttir

Loftur Bjarni Gíslason

Kristján Loftsson

Sigrún Þorleifsdóttir

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hampiðjunnar hf

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hampiðjunnar og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2025, efnahag hennar 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra.
- Rekstrarreikning samstæðu.
- Yfirlit um heildarafkomu samstæðu.
- Efnahagsreikning samstæðu.
- Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu.
- Sjóðstreymi samstæðu.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra og skýring 26 er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar, á tímabilinu 1. janúar 2025 til 31. desember 2025, í skýringu 8.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2025. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat á viðskiptavild:

Bókfært verð viðskiptavildar í árslok 2025 nam 88 milljónum EUR eða sem nemur 16% af eignum og 33% af eigið fé samstæðunnar. Viðskiptavildinni hefur verið skipt niður á sjóðskapandi einingar innan samstæðunnar sem hún tilheyrir. Árlega ber að framkvæma virðisrýrnarpróf á viðskiptavildinni.

Mat á viðskiptavild er lykilþáttur í endurskoðuninni vegna þess hversu hátt hlutfall viðskiptavild er af heildareignum og eigið fé samstæðunnar og um er að ræða eign sem er háð mati stjórnenda.

Sjá nánar skýringu 13 "Óefnislegar eignir" þar sem fjallað er um virðisrýrnunarprófið og skýringu 2.6 þar sem fjallað er um reikningsskilaaðferðir.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati viðskiptavildar fólst í eftirfarandi þáttum:

- Forsendur í virðisrýrnarprófi prófaðar og bornar saman við áætlanir stjórnenda.

- Lagt mat á útreikning forsenda í virðisrýrnunarprófi.

- Reiknilíkan var yfirfarið og lagt mat á virkni þess.

- Lagt var mat á forsendur fyrir áætluðum framtíðarvexti að loknu spátímabilinu.

- Farið yfir ávöxtunarkröfu (WACC) sem notað er við núvirðingu sjóðstreymis.

- Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar og prófaðar með tilliti til ákvæði laga og reikningsskilareglna.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, skýring nr. 26 ársfjórðungayfirlit, viðaukar um ófjárhagslegar upplýsingar, skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB og stjórnarháttayfirlýsing sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfylfum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Áritun vegna rafræns skýrslusniðs (e. *European Single Electronic Format - ESEF reglur*)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Hampiðjunnar hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á það hvort samstæðuársreikningur Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 25490002T5TRM5T6US82-2025-12-31-1-is.xbri hafi í meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. *European Single Electronic Format*) og reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/815 (ESEF reglur) sem innihalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreiknings á XHTML formi og iXBRL merkingum samstæðuársreikningsins.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Í þeirri ábyrgð felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikning á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. *European Single Electronic Format*).

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu um hvort samstæðuársreikningurinn, byggt á þeim gögnum sem við höfum aflað, sé í öllum meginatriðum í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með áliti okkar. Eðli, tímasetning og umfang aðgerða sem valdar eru byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á áhættunni að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Hampiðjunnar hf fyrir árið 2025 með skráarheitið 25490002T5TRM5T6US82-2025-12-31-1-is.xbri hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. *European Single Electronic Format*).

Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi félagsins árið 2001. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur félagsins samfellt í 25 ár.

Reykjavík, 5. mars 2026.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýr.	1.1. - 31.12 2025	1.1. - 31.12 2024*
Sala		359.736	311.007
Beinn framleiðslukostnaður	6	<u>(263.024)</u>	<u>(226.908)</u>
Framlegð		96.712	84.098
Rekstrarkostnaður	8	<u>(72.432)</u>	<u>(60.492)</u>
Rekstrarhagnaður		24.280	23.606
Fjáreignatekjur	9	1.568	4.722
Fjármagnsgjöld	9	(12.710)	(13.469)
Gengismunur	9	(1.918)	2.113
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi	14	<u>106</u>	<u>233</u>
		(12.954)	(6.401)
Hagnaður fyrir skatta		11.326	17.205
Tekjuskattur	10	<u>(2.494)</u>	<u>(2.934)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta		8.832	14.271
Aflögð starfsemi eftir skatta	19	<u>(2.861)</u>	<u>(258)</u>
Hagnaður		<u>5.971</u>	<u>14.013</u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		4.328	12.948
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>1.643</u>	<u>1.065</u>
		<u>5.971</u>	<u>14.013</u>
Grunnhagnaður á hlut (EUR cent) áframhaldandi starfsemi		1,41	2,28
Grunnhagnaður á hlut (EUR cent) með aflagðri starfsemi		0,95	2,24
EBITDA		39.608	37.598

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	1.1. - 31.12 2025	1.1. - 31.12 2024
Hagnaður ársins	5.971	14.013
Liðir sem síðar verða færðir í rekstrarreikning		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga	(6.761)	(3.469)
Liðir sem verða ekki færðir í rekstrarreikning		
Matsbreyting á eignarhlutum í öðrum félögum	<u>64</u>	<u>(141)</u>
Heildarafkoma ársins	<u>(726)</u>	<u>10.403</u>
Skipting heildarafkomu		
Hluti hluthafa móðurfélagsins	(1.911)	9.271
Hluti minnihluta	<u>1.185</u>	<u>1.132</u>
Heildarafkoma ársins	<u>(726)</u>	<u>10.403</u>

*Samanburðarfjárhæðum í rekstri og sjóðstreymi hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi sbr. skýringu 19

Skýringar á bls. 13 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýr.	31/12 2025	31/12 2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	194.096	180.747
Óefnislegar eignir	13	105.097	86.611
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	14	1.753	1.648
Eignarhlutir í öðrum félögum	15	2.219	2.170
Skuldabréf og langtímakröfur		3.366	1.595
Tekjuskattsinneign	21	3.753	1.932
		<u>310.284</u>	<u>274.703</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	16	138.418	126.735
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	71.937	66.620
Handbært fé	18	26.395	41.429
		<u>236.750</u>	<u>234.784</u>
Eignir vegna aflagðrar starfsemi	19	440	0
		<u>237.190</u>	<u>234.784</u>
Eignir samtals		<u><u>547.474</u></u>	<u><u>509.487</u></u>
Eigið fé og skuldir			
		31/12 2025	31/12 2024
Eigið fé			
Hlutfé		6.410	6.403
Yfirverðsreikningur hlutfjár		117.922	117.156
Matsbreytingar og aðrir varasjóðir	30	(10.390)	(4.151)
Annað bundið eigið fé		73.346	72.289
Óráðstafað eigið fé		67.063	68.563
		<u>254.351</u>	<u>260.260</u>
Hlutdeild minnihluta		15.937	12.970
Eigið fé samtals		<u>270.288</u>	<u>273.230</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	20	141.014	127.610
Tekjuskattsskuldbinding	21	7.617	7.885
		<u>148.631</u>	<u>135.495</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	22	56.445	46.730
Ógreiddir skattar		1.710	3.001
Skuldir við lánastofnanir	20	70.400	51.031
		<u>128.555</u>	<u>100.762</u>
Skuldir samtals		277.186	236.257
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>547.474</u></u>	<u><u>509.487</u></u>

Skýringar á bls. 13 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé	Yfir- verðsr.	Matsbr. og aðrir varasj.	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2024	6.403	117.156	(474)	62.980	69.519	14.690	270.274
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma 2024 eftir skatta			(3.677)	0	12.948	1.132	10.403
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				9.309	(9.309)		0
	0	0	(3.677)	9.309	3.639	1.132	10.403
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut					(4.595)	(353)	(4.948)
Minnihluti, breyting						(2.499)	(2.499)
	0	0	0	0	(4.595)	(2.852)	(7.447)
Staða 31. desember 2024 / 1. janúar 2025	6.403	117.156	(4.151)	72.289	68.563	12.970	273.230
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma 2025 eftir skatta			(6.240)	0	4.328	1.185	(726)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				1.057	(1.057)		0
	0	0	(6.240)	1.057	3.271	1.185	(726)
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut.					(4.772)	(540)	(5.312)
Minnihluti, breyting						2.322	2.322
Sala eigin bréfa	7	766					773
	7	766	0	0	(4.772)	1.782	(2.217)
Staða 31. desember 2025	<u>6.410</u>	<u>117.922</u>	<u>(10.390)</u>	<u>73.346</u>	<u>67.063</u>	<u>15.937</u>	<u>270.288</u>

Sjá nánari sundurliðun um matsbreytingar og aðra varasjóði í skýringu 30.

Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	1.1. - 31.12 2025	1.1. - 31.12 2024*
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		24.280	23.606
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12,13	15.328	13.992
EBITDA		39.608	37.598
(Tap) af aflagðri starfsemi	19	(2.861)	(258)
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(80)	(706)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(8.403)	(1.225)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		28.264	35.409
Innborgaðir vextir.....		1.355	4.665
Innborgaður arður.....	9	27	35
Greiddir vextir.....		(12.847)	(13.364)
Greiddir skattar.....		(2.889)	(3.018)
Handbært fé frá rekstri		13.910	23.727
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(20.246)	(20.310)
Kaup og sala óefnislegra eigna		(1.806)	(1.861)
Fjárfesting í dótturfélögum	25	(23.682)	(13.128)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		3.632	538
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		(42.102)	(34.761)
Fjármögnunarhreyfingar			
Bankalán, breyting		18.204	3.166
Innborguð aukning á hlutafé frá minnihluta í dótturfélagi		1.025	0
Arður greiddur til hluthafa		(4.772)	(4.595)
Arður greiddur til minnihluta		(540)	(353)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		13.917	(1.782)
(Lækkun) á handbæru fé			
		(14.275)	(12.816)
Handbært fé í byrjun ársins.....	18	41.429	52.974
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		(888)	(116)
Handbært fé frá keyptu dótturfélagi.....	25	129	1.387
Handbært fé í lok ársins af áframhaldandi starfsemi		26.395	41.429

Skýringar á bls. 13 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf., „félagið“, er með heimilisfesti á Íslandi að Skarvagörðum 4 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Lista yfir dótturfélög er að finna í skýringu 30.

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ Iceland hf.).

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 5. mars 2026.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, auk viðbótarkrafna í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að eignarhlutar í öðrum félögum eru gerðir upp á gangvirði. Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra nema annað sé tekið fram.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknaðar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Nánar er greint frá þeim aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Beiting nýrra og endurskoðaðra reikningsskilastaðla

Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á stöðlum

Reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2025 höfðu óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Nýir reikningsstaðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda fyrir fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2025 og heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð ársreikningsins.

i) IFRS 18 Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum

IFRS 18 mun koma í stað IAS 1 Framsetning reikningsskila og gildir fyrir ársreikninga fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar. Með nýja staðlinum eru settar fram nýjar lykilkröfur:

*Félögum ber að flokka allar tekjur og gjöld í fimm flokka í rekstrarreikningi, þ.e. rekstur, fjárfestingar, fjármögnun, aflagða starfsemi og tekjuskatt. Félög þurfa jafnframt að birta rekstrarafkomu sem skilgreinda millisamtölu. Afkoma félaga mun ekki breytast.

*Afkomumælikvarðar sem skilgreindir eru af stjórnendum (e. MPM) eru settir fram í einni skýringu í reikningsskilunum.

*Auknar leiðbeiningar um flokkun upplýsinga í reikningsskilum eru veittar.

Því til viðbótar, ber nú að nota rekstrarafkomu sem upphafs fjárhæð í sjóðstreymisfirliti, þegar rekstrarhreyfingar eru settar fram með óbeinni aðferð.

Samstæðan er enn að meta áhrif nýja staðalsins, einkum með tilliti til framsetningar rekstrarreiknings samstæðunnar, sjóðstreymisfirlits og viðbótarupplýsinga tengdar afkomumælikvörðum stjórnenda. Samstæðan er einnig að meta áhrifin af því hvernig upplýsingar eru flokkaðar í reikningsskilum, þar með talið vegna liða sem nú eru flokkaðir sem "annað".

ii) Aðrir reikningsskilastaðlar

Ekki er búist við að eftirfarandi nýir og breyttir reikningsskilastaðlar hafi veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

- Flokkun og mat fjármálagerninga (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7); og
- Samningar um náttúruháða raforku (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7)

Skýringar

2.1.2 Skilgreining á kennitölum og hugtökum

EBITDA

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna er ekki hluti af útreikningum á EBITDA.

Eiginfjárlutfall

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.

Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár.

Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

Ávöxtunarkrafa (WACC)

Vegið meðaltal reiknaðra vaxta af lánsfé og eigin fé.

2.2 Samstæðureikningsskil

(a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, þ.e. áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgæringa og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtöku. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hluteild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og áætlaður óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaganna hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

(b) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á aðra heildar afkomu. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélaganna er jafnmikill eða meiri en hluteild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélaganna.

(c) Hlutdeildaraðferð

Fjárfestingar í dótturfélögum og hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi dóttur- og hlutdeildarfélaganna eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Móttekinn arður er færður til lækunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélaganna er jafnmikill eða meiri en hluteild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekara tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga, gengist í ábyrgð eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélaganna.

Skýringar

2.3 Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta sem eru mótaðir af stýringu og eftirliti stjórnenda samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í sex rekstrarþætti.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill félagsins.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, netaverkstæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-10 ár
Fasteignir	25-67 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	5-20 ár
Hugbúnaður	2-7 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að fráðregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekins dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum einkaleyfum er tengjast framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfin eru færð á kaupverði eða áætluðu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði af frádregnum sölukostnaði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru flokkaðir sem Eignahlutir í öðrum félögum. Eignahlutir í öðrum félögum eru færðir á markaðsvirði m.v. matsdag í efnahagsreikningi, liggi það fyrir.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstandur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnavörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum auk þess sem áætlað tap á líftíma kröfunnar er fært við upphaflega skráningu hennar. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.11 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.12 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem mótttekið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

Skýringar

2.13 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði en við síðara mat á afskrifuð kostnaðarverði. Lántökukostnaður sem telst hluti af vöxtum lánsins er færður á lánstíma með aðferð virkra vaxta en annar lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lán eru flokkuð meðal skammtímaskulda ef þau gjaldfalla innan 12 mánaða annars eru þau flokkuð meðal langtímaskulda.

2.14 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.15 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf ákvörðun um greiðslu að liggja fyrir áður en reikningsskilin eru gefin út.

2.16 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.17 Innlaun tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Samstæðan framleiðir og selur úrval af vörum í smásölu og heildsölu. Tekjur af sölu eru færðar þegar yfirráð yfir vörunum hefur verið flutt til kaupenda, sem er þegar vörurnar hafa verið afhentar. Afhending fer fram þegar kaupandi hefur tekið við vörunum, áhættan á úreldingu og tapi hefur verið flutt til hans og annaðhvort hefur kaupandi samþykkt vörurnar í samræmi við sölusamninginn, staðfestingarákvæði hafa liðið eða samstæðan hefur hlutlægar vísbendingar um að öll skilyrði fyrir viðurkenningu hafi verið fullnægð.

Greiðslur fyrir sölu á vöru og þjónustu eru samkvæmt venjulegum viðskiptaskilmálum.

Tekjur af sölu heildarkerfa eða heildarlausna munu vera færðar yfir tímabil byggt á því að félagið hafi ekki önnur not af þeim, sem og framkvæmanlegan rétt til greiðslu. Tekjur eru færðar samkvæmt áfangaaðferð á grundvelli mats á hlutfalli áfallins kostnaðar og áætlaðs heildarkostnaðar, en að mati félagsins lýsir sú aðferð best færslu yfirráða til viðskiptavinarins. Vænt tap af samningi skal fært strax. Allir þættir heildarlausna og heildarkerfa hafa áþekka framlegð.

Samstæðan selur þjónustu sem felst í gerð nýrra veiðarfæra og viðgerðum á eldri veiðarfærum. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar þegar kaupandi þjónustunnar hefur tekið við nýjum eða viðgerðum veiðarfærum eða þegar veiðarfærin eru komin á geymslustað þeirra.

Skýringar

(b) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.18 Leigusamningar

(a) Mat á leigusamningi

Félög innan samstæðunnar færa upp alla verulega leigusamninga í samræmi staðal um leigusamninga (IFRS 16). Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (innan við 12 mánuði). Félagið færir upp leiguskuld sem er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól. Nýtingarréttur jafnframt færður upp og er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar.

(b) Leiguskuld

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi eða, ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður. Leiguskuldbindingar eru færðar meðal langtímaskulda en fjárhæð þeirra er að finna í skýringu nr. 20.

(c) Leigueignir

Nýtingarréttur vegna leigueigna er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur af leigueignum er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Leigueignir eru færðar meðal fasteigna og tækja í varanlegum rekstrarfjármunum sem finna má í skýringu 12.

2.19 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

2.20 Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og hagnaði af áhættuvarnagerningum sem eru færðir í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna.

2.21 Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum), kröfur á tengda aðila og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Samstæðan metur niðurfærsluþörf á hverri viðskiptakröfu fyrir sig.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

2.22 Fjáreignir

Skuldabréf, viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanalegum greiðslum sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Markaðsverðbréf, sjóður og óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fjáreignir á gangvirði eru metnar miðað við skráð markaðsverð og breytingar á virði fara í gegnum aðra heildarafkomu.

Skýringar

2.23 Fjárskuldir

Fjárskuldir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjárahættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2025 voru engar umtalsverðar ábyrgðir í gildi.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2025 og 2024. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörsdegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2025	2024
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	71.937	66.620
Skuldabréf og langtímakröfur	3.366	1.595
Handbært fé	26.395	41.429
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	101.698	109.644

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2025	2024	2025	2024
Ógjaldfallið	27.960	31.895	14	113
Gjaldfallið innan 30 daga	10.902	11.525	0	0
Gjaldfallið fyrir 31 -120	13.294	13.868	384	282
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum	7.400	5.117	733	852
	59.555	62.405	1.130	1.247

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

	2025	2024
Evrópa	37.968	42.515
Asía	8.538	6.974
Aðrar heimsálfur	11.920	11.668
	58.425	61.158

Skýringar

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun frh.

(b) Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Tölurnar hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Staða 31. desember 2025

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur (þ.m.t. leiguskuldbindingar)	211.414	250.396	78.688	31.600	46.800	93.308
Viðskiptaskuldir	54.972	54.972	54.972	0	0	0
	266.386	305.368	133.660	31.600	46.800	93.308

Staða 31. desember 2024

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur (þ.m.t. leiguskuldbindingar)	178.641	201.661	64.112	17.666	33.075	86.808
Viðskiptaskuldir	45.345	45.345	45.345	0	0	0
	223.986	247.006	109.457	17.666	33.075	86.808

Skýringar

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun frh.

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna eigna, skulda og viðskipta í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru danskar krónur (DKK), evrur (EUR), norsk króna (NOK), bandarískur dollari (USD), sterlingspund (GBP), indversk rúpía (INR) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK, GBP, NOK, INR og USD.

Samstæðan metur það sem svo að til að hafa áhrif á afkomu samstæðunnar þyrfti verulegar gengissveiflur. Rekstur Hampiðjunnar á Íslandi, bæði tekjur og gjöld, eru að einhverju leyti í íslenskum krónum, en gengisáhrif jafnast að verulegu leyti út. Hjá Hampiðjunni hf. eru það fjárfestingar í dótturfélögum sem skapa gengisáhættu, gengismunur af þeim er færður undir aðra heildarafkomu, sjá eiginfjárfirilit.

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir:

Staða 31. desember 2025

	DKK	NOK	USD	GBP	INR	Aðrar myntir
Viðskiptakröfur	13.028	7.780	7.368	2.971	1.360	6.370
Aðrar kröfur	565	2.726	289	597	1.507	540
Handbært fé	1.062	4.930	4.387	4.020	171	2.725
Viðskiptaskuldir	5.141	8.965	2.252	1.698	1.658	4.909
Aðrar skuldir	2.377	7.628	659	648	3.184	2.273
Skuldir við lánastofnanir	13.397	43.727	933	3.241	4.599	16.880
	35.570	75.755	15.889	13.175	12.477	33.696

Staða 31. desember 2024

	DKK	NOK	USD	GBP	INR	Aðrar myntir
Viðskiptakröfur	13.507	7.878	5.491	3.634	0	6.843
Aðrar kröfur	717	2.159	546	688	0	1.121
Handbært fé	604	6.643	3.393	1.986	0	22.707
Viðskiptaskuldir	4.150	6.593	2.420	1.316	0	4.389
Aðrar skuldir	28.977	19.787	724	3.778	0	2.224
Skuldir við lánastofnanir	14.465	46.421	1.454	3.381	0	18.416
	62.419	89.481	14.029	14.783	0	55.699

Næmnigreining

10% styrking evru gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar.

	2025	2024
DKK	(3.557)	(6.242)
NOK	(7.576)	(8.948)
USD	(1.589)	(1.403)
GBP	(1.317)	(1.478)
INR	(1.248)	(0)
Aðrar myntir	(3.370)	(5.570)
	(12.721)	(16.593)

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu gagnvart evru var sem hér segir

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2025	2024	2025	2024
DKK	0,134	0,134	0,134	0,134
NOK	0,085	0,086	0,085	0,085
USD	0,887	0,924	0,851	0,960
GBP	1,168	1,181	1,148	1,204
INR	0,010	0,011	0,009	0,011

Skýringar

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum. Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig á árinu 2025 hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um 2.093 þúsund evrur. Árið 2024 hefði lækkunin orðið 1.760 þúsund evrur. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Samstæðan stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð.

Félagið getur breytt arðgreiðslustefnu, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárlutfall:

	2025	2024
Lántökur, langtíma	141.014	127.610
Lántökur, skammtíma	70.400	51.031
Frádregið: Handbært fé	(26.395)	(41.429)
Skuldir nettó	185.019	137.212
Eigið fé	270.288	273.230
Fjármögnun samtals	455.307	410.442
Eiginfjárlutfall	49,4%	53,6%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Farið er yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem tengjast reikninghaldslegu mati má meðal annars finna í skýringu 13 um virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar samstæðunnar.

5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta sem eru mótaðir af stýringu og eftirliti stjórnenda samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í sex starfspætti.

- Starfspáttur 1.

Starfsemi Hampiðjunnar sem er yfirstjórn samstæðunnar, endursala og fjárfestingar. Starfsemi framleiðslufyrirtækjanna Hampidjan Baltic í Litháen og Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. í Indlandi þar sem framleidd eru net, kaðlar og ofurtóg.
- Starfspáttur 2.

Starfsemi veiðarfærafélagana í Swan Net Gundry á Írlandi og tengdra félaga ásamt Jackson Trawls og Jackson Offshore Supply í Skotlandi.
- Starfspáttur 3.

Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélagsins Strandby Net.
- Starfspáttur 4.

Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Hampidjan USA og dótturfélagsins Swan Net USA, Hampidjan Australia, International Rope Braid Ltd., Hampiðjan Ísland, Mørenot Island, Eldi Aqua Iceland ehf., Hampidjan Poland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampidjan TorNet og Eldi Protection AS.
- Starfspáttur 5.

Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vonin, Vónin Lithuania, Vónin Canada, Vónin Ísland, Volu Ventis og Vonin Scotland.
- Starfspáttur 6.

Starfsemi eignarhaldsfélagsins Mørenot Holding AS og fiskeldisþjónustufélaganna Mørenot Aquaculture AS, Mørenot Denmark, Poldan Nets, Mørenot Mediterranean, Mørenot Baltic, Mørenot Canadal, UAB Baltic Sea Steel ásamt starfsemi veiðarfærafélaganna Mørenot Fishery AS, Mørenot China, China Trading. Starfsemi fasteignafélaganna Mørenot Eiendom I ásamt starfsemi Hampidjan Advant AS.

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, framhald

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
2025								
Rekstrartekjur	79.704	24.264	22.993	84.362	86.302	122.479	(60.368)	359.736
Beinn framl.kostn	(59.535)	(17.716)	(18.610)	(65.170)	(65.317)	(95.114)	58.438	(263.024)
	20.169	6.548	4.383	19.192	20.985	27.365		96.712
Rekstrarkostnaður	(16.780)	(4.432)	(2.095)	(12.464)	(13.528)	(25.063)	1.930	(72.432)
Rekstrarhagnaður (-tap)	3.389	2.116	2.288	6.728	7.457	2.302		24.280
Sem hlutfall af rekstrartekjum	4%	9%	10%	8%	9%	2%		7%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(5.492)	(5)	(267)	(2.466)	(1.542)	(3.288)		(13.060)
Hlutdeildarafkoma	79	0	0	0	27	0		106
Tekjuskattur	147	(456)	(445)	(631)	(1.444)	335		(2.494)
Aflögð starfsemi e. skatta	0	0	0	0	0	(2.861)		(2.861)
Hagnaður (tap) ársins	(1.877)	1.655	1.576	3.631	4.498	(3.512)		5.971
Afskriftir fastafjármuna	2.799	514	712	2.206	3.303	5.794		15.328
Kaup/sala fastafjármuna	(7.391)	(188)	(524)	(1.392)	(7.545)	(5.012)		(22.052)
EBITDA	6.187	2.630	3.000	8.935	10.759	8.097		39.608

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
2024*								
Rekstrartekjur	45.680	24.916	20.064	80.642	88.572	104.252	(53.119)	311.007
Beinn framl.kostn	(37.375)	(18.290)	(15.788)	(61.431)	(64.792)	(81.004)	51.772	(226.908)
	8.305	6.626	4.276	19.211	23.780	23.247		84.098
Rekstrarkostnaður	(8.563)	(4.374)	(2.038)	(11.068)	(13.848)	(21.948)	1.347	(60.492)
Rekstrarhagnaður (-tap)	(258)	2.252	2.238	8.143	9.932	1.299		23.606
Sem hlutfall af rekstrartekjum	-1%	9%	11%	10%	11%	1%		8%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(1.821)	174	(227)	(1.758)	(1.542)	(1.460)		(6.634)
Hlutdeildarafkoma	211	0	0	0	22	0		233
Tekjuskattur	654	(448)	(446)	(1.092)	(1.797)	195		(2.934)
Aflögð starfsemi e. skatta	0	0	0	0	0	(258)		(258)
Hagnaður (tap) ársins	(1.214)	1.978	1.565	5.293	6.615	(224)		14.013
Afskriftir fastafjármuna	2.133	546	667	1.958	3.078	5.610		13.992
Kaup/sala fastafjármuna	(2.150)	(917)	(2.806)	(812)	(10.545)	(4.941)		(22.171)
EBITDA	1.875	2.799	2.905	10.101	13.010	6.908		37.598

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
31/12 2025								
Fastafjármunir	110.169	15.387	15.393	39.465	87.591	77.866	(35.587)	310.284
Veltufjármunir	50.366	16.890	10.136	65.940	50.499	70.349	(26.990)	237.190
Langtímaskuldir	89.370	756	6.778	28.350	21.820	37.144	(35.587)	148.631
Skammtímaskuldir	52.840	2.327	5.151	30.217	27.706	37.303	(26.990)	128.555
31/12 2024								
Fastafjármunir	71.608	15.885	15.603	36.756	83.001	82.478	(30.628)	274.703
Veltufjármunir	52.973	17.546	9.556	70.178	52.395	62.160	(30.024)	234.784
Langtímaskuldir	66.871	720	7.568	29.083	22.225	39.656	(30.628)	135.495
Skammtímaskuldir	37.950	3.121	4.638	31.948	26.221	26.908	(30.024)	100.762

Landsvæðaskipting tekna	2025	2024
Evrópa	275.490	254.434
Norður Ameríka	27.544	29.960
Afríka	110	0
Asía	26.837	3.274
Suður Ameríka	5.865	3.184
Eyjaálfa	23.890	20.156
	359.736	311.007

Skýringar

6. Beinn framleiðslukostnaður

	2025	2024*
Hráefni alls	184.929	156.804
Framleiðslulaun	66.636	59.936
Afskriftir	11.040	10.169
Annað	418	0
	<u>263.024</u>	<u>226.909</u>

7. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál	2025	2024*
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	86.884	78.655
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	<u>12.582</u>	<u>12.349</u>
	<u>99.466</u>	<u>91.004</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2.645 1.941

Meðalstarfsmannafjöldinn skiptist þannig milli kynja að 1.755 eru karlkyns (66%) og 890 eru kvenkyns (34%).

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi	2025	2024*
Framleiðslukostnaður	66.086	59.936
Annar rekstrarkostnaður	<u>33.380</u>	<u>31.068</u>
	<u>99.466</u>	<u>91.004</u>

8. Rekstrarkostnaður

	2025	2024*
Keyptar vörur og þjónusta	34.346	25.567
Einskiptiskostnaður vegna kaupa á Kohinoor	535	0
Laun og launatengd gjöld	33.380	31.068
Afskrifaðar viðskiptakröfur	(117)	34
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	<u>4.288</u>	<u>3.823</u>
	<u>72.432</u>	<u>60.492</u>

Þóknun endurskoðenda fyrir endurskoðun ársreikninga var 675 þús. evrur (2024: 543 þús. evrur) og þóknun fyrir aðra þjónustu var 180 þús. evrur (2024: 195 þús. evrur).

Skýringar

	1.1. - 31.12 2025	1.1. - 31.12 2024*
9. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjáreignatekjur		
Vaxtatekjur	1.541	4.687
Fenginn arður	27	35
	<u>1.568</u>	<u>4.722</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(12.710)	(13.469)
	<u>(12.710)</u>	<u>(13.469)</u>
Gengismunur	(1.918)	2.113
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) nettó	<u>(13.060)</u>	<u>(6.634)</u>
10. Tekjuskattur	2025	2024*
Tekjuskattur til greiðslu	1.241	2.511
Frestaður tekjuskattur	1.253	423
	<u>2.494</u>	<u>2.934</u>
Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:		
Hagnaður fyrir skatta, skv. rekstrarreikningi	11.326	17.205
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	2.724	3.512
Óskattskyldar tekjur, söluhagnaður fjárfestingareigna og hagnaður hlutdeildarfélagi	(27)	(54)
Varanlegir mismunir	(203)	(524)
Tekjuskattur skv. rekstrarreikningi	<u>2.494</u>	<u>2.934</u>
Virkur tekjuskattur		
	2025	2024*
Hagnaður fyrir skatta	11.326	17.205
Gjaldfærður tekjuskattur	(2.494)	(2.934)
Hagnaður ársins eftir skatta	8.832	14.271
Virkt tekjuskattshlutfall	<u>22%</u>	<u>17%</u>

Félagið er með starfsemi í mörgum löndum þar sem reglur um tekjuskatt eru mismunandi og skatthlutföll einnig.

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2025	2024*
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta (þúsundir evra)	8.832	14.271
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	5.971	14.013
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	626.336	625.545
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR á hlut) af áframhaldandi starfsemi	1,41	2,28
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR á hlut) með aflagðri starfsemi	0,95	2,24

Heildarfjöldi hluta nemur 636 milljónum, þar af eru eigin hlutir 9,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK líkt og á fyrra ári. Breytingar ársins 2025 á útistandandi hlutafé nam um 1 milljón hluta.

Skýringar

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2024			
Kostnaðarverð	171.191	116.332	287.523
Uppsafnaðar afskriftir	(48.651)	(69.301)	(117.952)
Bókfært verð í lok ársins	<u>122.540</u>	<u>47.031</u>	<u>169.571</u>
Hreyfingar árið 2024			
Bókfært verð í byrjun árs 2024	122.540	47.031	169.571
Nýir leigusamningar	222	123	345
Gengismunur	(864)	434	(430)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.535	472	4.007
Viðbætur	15.326	7.949	23.275
Kaupverðsútdeling	438	0	438
Selt og aflagt	(903)	(2.560)	(3.463)
Afskriftir	(6.751)	(6.245)	(12.996)
Bókfært verð í lok árs 2024	<u>133.543</u>	<u>47.204</u>	<u>180.747</u>
Staða 1. janúar 2025			
Kostnaðarverð	184.631	119.941	304.572
Uppsafnaðar afskriftir	(51.088)	(72.737)	(123.825)
Bókfært verð	<u>133.543</u>	<u>47.204</u>	<u>180.747</u>
Hreyfingar árið 2025			
Bókfært verð í byrjun árs 2025	133.543	47.204	180.747
Nýir leigusamningar	260	704	964
Gengismunur	1.824	(3.285)	(1.461)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.466	4.044	7.510
Viðbætur	16.481	9.177	25.658
Selt og aflagt	(4.375)	(991)	(5.366)
Afskriftir	(6.982)	(6.974)	(13.956)
Bókfært verð í lok árs 2025	<u>144.217</u>	<u>49.879</u>	<u>194.096</u>
Staða 31. desember 2025			
Kostnaðarverð	199.246	129.045	328.291
Uppsafnaðar afskriftir	(55.029)	(79.166)	(134.195)
Bókfært verð í lok ársins	<u>144.217</u>	<u>49.879</u>	<u>194.096</u>
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:	1.1. - 31.12	1.1.-31.12	
	2025	2024*	
Framleiðslukostnaður	10.490	9.768	
Annar rekstrarkostnaður	3.466	3.228	
	<u>13.956</u>	<u>12.996</u>	

Meðal fasteigna eru leigueignir að fjárhæð 29.613 þús. evrur (2024: 27.968 þús. evrur) og meðal véla áhalda og tækja eru leigueignir að fjárhæð 5.693 þús. evrur (2024: 5.152 þús. evrur).

Skýringar

13. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Aðrar óefnislegar	Samtals
Staða 1. janúar 2024				
Kostnaðarverð	62.720	1.114	24.499	88.333
Uppsafnaðar afskriftir	(351)	(1.086)	(10.042)	(11.479)
Bókfært verð í lok árs	<u>62.369</u>	<u>28</u>	<u>14.457</u>	<u>76.854</u>
Hreyfingar árið 2024				
Bókfært verð í byrjun árs 2024	62.369	28	14.457	76.854
Gengismunur	(541)	0	(539)	(1.080)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	8.943	0	33	8.976
Viðbætur	239	158	3.002	3.399
Kaupverðsútteiling	3.044	0	(3.482)	(438)
Selt og aflagt	0	0	(104)	(104)
Afskriftir	0	(25)	(971)	(996)
Bókfært verð í lok árs 2024	<u>74.054</u>	<u>161</u>	<u>12.396</u>	<u>86.611</u>
Staða 1. janúar 2025				
Kostnaðarverð	74.822	1.272	23.052	99.146
Uppsafnaðar afskriftir	(768)	(1.111)	(10.656)	(12.535)
Bókfært verð	<u>74.054</u>	<u>161</u>	<u>12.396</u>	<u>86.611</u>
Hreyfingar árið 2025				
Bókfært verð í byrjun árs 2025	74.054	161	12.396	86.611
Gengismunur	(2.954)	0	(329)	(3.282)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	19.808	0	232	20.040
Viðbætur	0	242	2.962	3.204
Kaupverðsútteiling	(2.554)	0	2.554	(0)
Selt og aflagt	0	0	(104)	(104)
Afskriftir	0	(9)	(1.363)	(1.372)
Bókfært verð í lok árs 2025	<u>88.354</u>	<u>394</u>	<u>16.348</u>	<u>105.097</u>
Staða 31. desember 2025				
Kostnaðarverð	88.740	1.514	28.265	118.519
Uppsafnaðar afskriftir	(386)	(1.120)	(11.916)	(13.422)
Bókfært verð í lok árs 2025	<u>88.354</u>	<u>394</u>	<u>16.348</u>	<u>105.097</u>
Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:			1.1. - 31.12 2025	1.1.-31.12 2024
Framleiðslukostnaður			550	401
Annar rekstrarkostnaður			822	595
			<u>1.372</u>	<u>996</u>

Skýringar

13. Óefnislegar eignir frh.

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar:

Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári nema ef vísbendingar um virðisrýrnun séu til staðar. Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind með sama hætti og starfspættir félagsins sbr. skýringu nr. 5.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýrnun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gerð er vegin nafnverðskrafa á fjárflæði en um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðspróun. Áfvöxtunarstuðlarnir endurspegla sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfspáttum.

Kaupverðsútteiling:

Gengið var frá kaupum Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. í byrjun febrúar 2025 en samstæðan hefur 12 mánuði frá yfirtökudegi til að ganga frá kaupverðsútteilingu vegna kaupanna en þeirri vinnu var ekki lokið í lok reikningsskilatímabilsins. Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. er hluti af starfspætti 1.

Lokið var við kaupverðsútteilingu á Eldi Protection (áður FiiZK Protection) á tímabilinu, yfirverði að fjárhæð 2.554 þúsund EUR var útteilt á viðskiptasambönd. Eftir kaupverðsútteilinguna stendur eftir af yfirverði viðskiptavild að fjárhæð 6.383 þúsund EUR vegna kaupa félgsins á Eldi Protection frá því í september 2024.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2025 og 2024.

Viðskiptavild greinist þannig niður á fjárskapandi einingar sem eru starfspættir eins og þeir eru skilgreindir í skýringu 5.

Bókfært virði viðskiptavildar skipt niður á fjárskapandi einingar	2025	2024
Starfspáttur 1	25.099	9.493
Starfspáttur 2	5.643	5.820
Starfspáttur 3	1.591	1.593
Starfspáttur 4	16.300	15.339
Starfspáttur 5	22.114	22.123
Starfspáttur 6	17.607	19.686
Samtals	88.354	74.054

Forsendur	Ár	Fjárskapandi einingar, starfspættir					
		1	2	3	4	5	6
Meðalvöxtur tekna til 5 ára	2025	6,1%	2,6%	2,2%	3,9%	2,9%	7,8%
Meðalvöxtur tekna til 5 ára	2024	8,6%	2,4%	5,4%	-0,9%	5,1%	5,9%
Framtíðarvöxtur	2025	2,2%	2,4%	1,5%	2,8%	2,0%	2,5%
Framtíðarvöxtur	2024	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Ávöxtunarkrafa	2025	9,9%	10,5%	9,3%	11,5%	10,0%	10,5%
Ávöxtunarkrafa	2024	8,8%	10,2%	8,4%	11,1%	9,3%	10,0%

Fjárhæðir hér að ofan eru meðaltalstölur fyrir þær fjárskapandi einingar (CGU) sem undir viðkomandi starfspætti.

Skýringar

14. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hampiðjan á 45% hlut í hlutdeildarfélaginu Sp/f Sílnet í Færeyjum. Jafnframt á dótturfélagið P/F Von 44% eignarhlut í P/F Trolverkstaðið Bergið.

	2025			2024		
	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
Sp/f Sílnet	45,00%	79	1.299	45,00%	211	1.221
P/F Trolverkstaðið Bergið	44,40%	27	454	44,40%	22	427
		<u>106</u>	<u>1.753</u>		<u>233</u>	<u>1.648</u>

15 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

Hampiðjan á hlutabréf að nafnverði kr. 3 milljónir í Síldarvinnslunni hf. Virði þessara hlutabréfa er fært upp í markaðsvirði í ársreikningnum í gegnum aðra heildarafkomu vegna þess að hlutabréf Síldarvinnslunnar hf. eru skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar, Nasdaq Iceland. Aðrar fjárfestingareignir eru færðar á upphaflegu kaupverði.

	2025	2024
Síldarvinnslan hf	2.017	1.953
Önnur félög	202	217
	<u>2.219</u>	<u>2.170</u>

16. Birgðir

Birgðir greinast þannig í lok árs:

	2025	2024
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	130.014	121.400
Vörur í vinnslu	4.923	4.139
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	3.481	1.196
	<u>138.418</u>	<u>126.735</u>

Birgðir eru færðar niður vegna aldurs um 3,8 milljón evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar. Árið áður voru birgðir færðar niður um 3,4 milljón evrur.

17. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig í lok árs:

	2025	2024
Viðskiptakröfur	59.555	62.405
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.130)	(1.247)
Viðskiptakröfur nettó í lok tímabils	58.425	61.158
Skuldabréf og aðrar kröfur	16.878	7.057
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í lok tímabils	75.303	68.215
Þar af langtímakröfur	(3.366)	(1.595)
	<u>71.937</u>	<u>66.620</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1.130 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2025	2024
Niðurfærsla í byrjun árs	1.247	1.537
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	0	(324)
Breyting niðurfærslu á árinu	(117)	34
	<u>1.130</u>	<u>1.247</u>

18. Handbært fé

	2025	2024
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	26.395	41.429
	<u>26.395</u>	<u>41.429</u>

Skýringar

19. Aflögð starfssemi

Á tímabilinu var tekin ákvörðun í kjölfar hagræðingaaðgerða sem farið var í samhliða kaupunum á Kohinoor að leggja niður framleiðslueiningar í Poldan Net og Mørenot Denmark sem eru að fullu í eigu Mørenot sem Hampiðjan hf. á að fullu. Áhrifin af rekstri félaganna á meðan verið er að ganga endanlega frá lokun og uppgjör samninga eru sýnd hér að neðan. Uppgjör á aflagðri starfsemi er sýnd sérstaklega í rekstri ásamt samanburðarfjárhæðum í rekstri í samræmi við ákvæði reikningsskilastaðalins IFRS 5 um eignir til sölu og aflagða starfsemi. Áhrif á eignir og skuldir eru jafnframt dregin saman í efnahagsreikningi í samræmi við IFRS 5.

Afkoma af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	1.1. - 31.12 2025	1.1. - 31.12 2024
Hreint (tap) af aflagðri starfssemi	(3.341)	(258)
Tekjuskattur	480	0
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	(2.861)	(258)
Afkoma af aflagðri starfssemi		
Poldan Net	(879)	(64)
Mørenot Denmark	(1.982)	(193)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	(2.861)	(258)
Rekstrarreikningur aflagðrar starfssemi.		
	1.1. - 31.12 2025	1.1. - 31.12 2024
Sala	8.734	7.820
Beinn framleiðslukostnaður	(6.327)	(4.650)
Framlegð	2.406	3.171
Rekstrarkostnaður	(4.937)	(3.414)
Rekstrarhagnaður	(2.531)	(243)
Fjáreignatekjur	26	47
Fjármagnsgjöld	(54)	(62)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	(782)	0
	(810)	(15)
Hagnaður fyrir skatta	(3.341)	(258)
Tekjuskattur	480	0
Afkoma af aflagðri starfsemi	(2.861)	(258)
Eignir af aflagðri starfssemi í lok tímabils		2025
Mørenot Denmark		440
Aflögð starfsemi heildareignir		440

Aðeins eru tilgreindar eignir sem eru til sölu af aflagðri starfsemi en um er að ræða fasteign í eigu Poldan Net sem er í söluferli og er metin af því sem lægra reynist, gangvirði eða bókfærðu virði.

Framleiðsla Poldan Net var færð til Indlands ásamt því að hluti af eignum félagsins fór yfir í aðstöðu Hampiðjunnar Baltic. Sama á við um starfsemi Mørenot Denmark, sem er móðurfélag Poldan, en hluti af hagræðingaaðgerðum félagsins var að leggja niður starfsemina þar og færa hana yfir á aðrar starfsstöðvar félagsins. Ákvörðunin í Danmörku leiddi m.a. til að þess að greiða þurfti upp leigusamning sem félagið hafði gert ásamt því að gera starfslokasamninga við starfsmenn á þessum starfsstöðvum. Ekki er búist við að það falli á samstæðuna frekari kostnaður vegna lokunar þessara félaga en kemur fram í ársreikningi 2025.

Skýringar

20. Lántökur

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:

	2025 Hlutfall	2025 Staða	2024 Hlutfall	2024 Staða
ISK	0,0%	20	0,0%	0
EUR	60,5%	93.007	49,6%	69.646
USD	2,2%	3.358	3,3%	4.697
AUS	0,4%	640	0,6%	781
NZD	0,9%	1.433	1,0%	1.381
DKK	7,3%	11.140	9,7%	13.598
NOK	26,4%	40.519	33,6%	47.233
GBP	2,1%	3.241	1,7%	2.369
Annað	0,2%	259	0,6%	796
	100%	153.617	100%	140.501

Samningsbundnar 12. mánaða afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í lok ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

	2025	2024
Árið 2026 / 2025	12.603	12.891
Árið 2027 / 2026	25.361	15.495
Árið 2028 / 2027	20.181	20.691
Árið 2029 / 2028	10.803	8.978
Síðar	84.669	82.446
	153.617	140.501

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Langtímaskuldir:

	2025	2024
Vaxtaberandi langtímaskuldir	125.132	108.888
Leiguskuldbinding, IFRS 16	28.485	31.613
Næsta árs afborganir	(12.603)	(12.891)
	141.014	127.610

Skammtímaskuldir:

	2025	2024
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12.603	12.891
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	57.797	38.140
	70.400	51.031

Breyting á vaxtaberandi langtímaskulda greinist þannig:

	2025	2024
Vaxtaberandi langtímaskuldir í upphafi árs	140.501	130.724
Vaxtaberandi langtímaskuldir vegna kaupa á dótturfélagi á árinu	4.518	3.426
Tekin langtímalán	80.991	18.459
Afborganir langtímalána	(68.814)	(10.238)
Gengismunur	(3.579)	(1.870)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok árs	153.617	140.501

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarlutfall. Í lok ársins stóðust allir skilmálar lánasamninga.

Skýringar

21. Frestaður tekjuskattur

Frestuð tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	5.953	7.035
Tekjuskattur á árinu	2.494	2.934
Tekjuskattur til greiðslu	(1.241)	(2.511)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(3.342)	(1.027)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>3.864</u>	<u>5.953</u>

Frestuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	2025	2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	10.790	10.369
Aðrir efnahagsliðir	529	(177)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(3.702)	(2.307)
	<u>7.617</u>	<u>7.885</u>

Frestuð tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:	2025	2024
Ýmsir efnahagsliðir	1.444	583
Yfirfæranlegt skattalegt tap	2.309	1.349
	<u>3.753</u>	<u>1.932</u>
	<u>3.864</u>	<u>5.953</u>

22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptaskuldir	54.972	45.345
Aðrar skammtímaskuldir	1.473	1.385
	<u>56.445</u>	<u>46.730</u>

23. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Hlutdeildarfélag, hluthafar með veruleg áhrif, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðufélaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings

Viðskipti við tengda aðila:

Viðskipti samstæðunnar við hluthafa og aðra tengda aðila voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða. Umfang slíkra viðskipta voru óveruleg á árinu líkt og á fyrra ári.

Viðskipti við stjórnendur:

Laun og hlunnindi til stjórnar og lykilstjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félag í samstæðunni þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun og hlunnindi	Aðrar greiðslur	Fjöldi hluta í árslok*	Heildargr. fyrir árs
Hjörtur Erlendsson, forstjóri	656	424	760	963
Vilhjálmur Vilhjálmsson, stjórnarformaður	94		8.387	86
Kristján Loftsson, stjórnarmaður	29		233.063	25
Auður Kristín Árnadóttir, stjórnarmaður	29		0	25
Loftur Bjarni Gíslason	29		4	20
Sigrún Þorleifsdóttir, stjórnarmaður	37		39	34
26 Lykilstjórnendur (24 árið 2024)	<u>5.103</u>	<u>1.142</u>	<u>603</u>	<u>5.667</u>
Samtals	<u>5.976</u>	<u>1.565</u>	<u>242.857</u>	<u>6.820</u>

* Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutir fjárhagslega tengdra aðila. Hlutir eru að nafnverði í þúsundum ISK.

24. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunaryggingar sem ætlað er að bæta tjon vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar en fjárhæðin nemur allt að 135 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 225 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti framleiðsluvéla og -tækja, hug- og skrifstofubúnaðar og vörubirgða nemur 226 milljónum evra.

Skýringar

25. Kaup á Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. og öðrum dótturfélögum

Í byrjun febrúar 2025 var gengið frá kaupum á indverska félaginu Kohinoor Ropes Pvt. Ltd., sem er stærsti framleiðandi neta og kaðla á Indlandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru rúmlega 700 og starfsstöðvarnar eru þrjár, tvær neta- og kaðlaverksmiðjur í Selu og netaverkstæði í Jalna. Félagið er einnig með skrifstofu í Aurangabad. Í heild verða starfsmenn samstæðu Hampiðjunnar um 2.700 eftir kaupin. Eigendur Kohinoor munu eiga áfram 24,9% hlut í fyrirtækinu en það hefur verið náinn samstarfsaðili samstæðu Hampiðjunnar um árabíl. Verið er að staðfesta forsendur fyrir uppgjöri og kaupverðið verður síðan aðlagð að niðurstöðu þeirrar skoðunar. Einnig eru í samningnum um kaupin tvö rekstrarafkomuviðmið sem geta skilað seljendum aukagreiðslum ef þau nást. Ef EBITDA sem nemur 4,45 milljónum evra næst á rekstrarárinu 2024/2025 þá kemur til viðbótargreiðsla að fjárhæð 2,07 milljón evra til seljenda. Samsvarandi markmið fyrir rekstrarárið 2025/2026 nemur 5,52 milljón evrum og viðbótargreiðslan er einnig 2,07 milljón evrur.

Kaupverðið var að greitt með handbæru fé.

Kaupverð

75,1% eignarhlutur Hampiðjunar hf. greiddur með peningum 21.947

Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði

	Gangvirði
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.510
Óefnislegar eignir	232
Aðrar fjáreignir	209
Vörubirgðir	5.158
Viðskiptakröfur	2.989
Handbært fé	129
Langtímaskuldir	(4.518)
Skammtímaskuldir	(2.102)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	(5.905)
Nettó eignir keyptar	5.065
Hlutdeild minnihluta	(1.261)
Viðskiptavild, mismunur á kaupverði og gangvirði eigna og skulda	18.144
Eignir keyptar	21.947

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 11. febrúar 2025. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaganna tveggja. Vegna viðskiptanna er viðskiptavild að fjárhæð 18.144 þúsund evra færð í samstæðunni. Útdeilingu á yfirverði var ekki lokið þann 31. desember 2025, en félagið hefur heimild til að taka allt að 12 mánuði í kaupverðsútdeilingu og mun sú útdeiling koma inn í uppgjör félagsins fyrir 1. ársfjórðung ársins 2026.

Í ársreikninginn koma á tímabilinu sölutekjur frá félaginu að fjárhæð um 29,5 milljónir evra, EBITDA að fjárhæð 5,4 milljónir evra og hagnaður að fjárhæð um 3,0 milljónir evra. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins eru í skýringu nr. 5 um starfsþætti. Ef Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. hefði verið hluti af samstæðunni allt árið 2025 þá hefðu tekjur aukist um 2,7 milljónir evra og hagnaður lækkað um tæpar 100 þúsund evra.

Kaup á öðrum dótturfélögum á árinu

Auk kaupa félagsins á Kohinoor Ropes Pvt. sem getið er um hér að ofan fjárfesti dótturfélag Hampiðjunnar, Hampiðjan Australia, í félaginu International Rope Braid (IRB). IRB kom inn í samstæðureikning Hampiðjunnar frá 1. ágúst. í gegnum Hampiðjuna í Ástralíu.

Kaupverð á dótturfélögum skv. sjóðsteymi samstæðu

Kohinoor Ropes Pvt.	(21.947)
International Rope Braid (IRB)	(1.735)
Kaupverð á dótturfélögum í sjóðsteymi	(23.682)

Skýringar

26. Árshlutayfirlit (óendurskoðað)

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árschluta:

	okt.-des. 2025	júl.-sept. 2025	apr.-jún. 2025	jan-mars 2025	okt. - des. 2024	júl. -sept. 2024
Rekstrartekjur	82.092	92.865	95.932	88.847	78.975	74.980
Rekstrargjöld án afskrifta	(75.502)	(84.080)	(82.988)	(77.558)	(70.345)	(65.989)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	6.590	8.785	12.944	11.289	8.630	8.992
Afskriftir	(3.276)	(4.049)	(3.867)	(4.137)	(3.316)	(3.703)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.314	4.736	9.077	7.152	5.314	5.289
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.984)	(2.892)	(4.308)	(3.768)	71	(3.221)
Hagnaður fyrir skatta	1.330	1.844	4.769	3.384	5.385	2.067
Tekjuskattur	(949)	(375)	(742)	(428)	(631)	(562)
Aflögð starfsemi eftir skatta	(595)	(457)	(1.688)	(121)	0	(404)
Hagnaður árschluta	(214)	1.012	2.339	2.835	4.754	1.101

*Fjárhæðir í árshlutayfirlitum eru óendurskoðaðar.

27. Önnur mál

Þann 21. mars 2025 var samþykkt á aðalfundi félagsins að greiða arð 1,1 kr. á hlut. Arðurinn var að fjárhæð 4.772 þúsund evra var greiddur á árinu.

28. Flokkar fjármálagerna

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar eru eftirfarandi

Fjáreignir

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði	2025	2024*
Skuldabréf og langtímakröfur	3.366	1.595
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	71.937	66.620
Handbært fé	26.395	41.429
	<u>101.698</u>	<u>109.644</u>
Fjáreignir á gangvirði		
Eignarhlutir í öðrum félögum	2.219	2.170
	<u>103.917</u>	<u>111.814</u>

Fjárskuldir

Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	2025	2024*
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	56.445	46.730
Vaxtaberandi langtímaskuldir	125.132	108.888
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	57.797	38.140
	<u>239.374</u>	<u>193.758</u>

Engar fjárskuldir eru færðar á gangvirði og allar fjáreignir sem eru færðar á gangvirði eru færðar á 1. stigi gangvirðis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IFRS 13. Gangvirði eignahluta í öðrum félögum eru færð upp m.v. skráð verð á virkum markaði og breytingar fara í gegnum aðra heildarafkomu.

Skýringar

29. Matsbreytingar og aðrir varasjóðir

	Matsbr. fjár.eigna	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Samtals
Staða 1. janúar 2024	1.918	1.384	(3.776)	(474)
Þýðingarmunur ársins 2024			(3.536)	(3.536)
Matsbreyting fjárfestingareigna ársins 2024	(141)		0	(141)
Staða 31. desember 2024	<u>1.777</u>	<u>1.384</u>	<u>(7.312)</u>	<u>(4.151)</u>
Staða 1. janúar 2025	1.777	1.384	(7.312)	(4.151)
Þýðingarmunur ársins 2025			(6.303)	(6.303)
Matsbreyting fjárfestingareigna ársins 2025	64			64
Staða 31. desember 2025	<u>1.841</u>	<u>1.384</u>	<u>(13.615)</u>	<u>(10.390)</u>

Matsbreyting fjárfestingareigna

Eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á markaðsvirði m.v. matsdag í efnahagsreikningi, liggi það fyrir. Liggi markaðsvirði ekki fyrir þá er notast við kostnaðarverð að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

Skýringar

30. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Kaðla- og netaframleiðsla	100%	
Hampidjan Australia Ltd	Ástralía	Veiðarfæragerð	100%	
International Rope Braid Ltd, df. Hamp-Australia Ltd.	Ástralía	Kaðlaframleiðsla	100%	
Hampidjan New Zealand Ltd	Nýja Sjáland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Canada Ltd	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	100%	
Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG)	Írland	Veiðarfæragerð	65%	35%
Coastal Cages, dótturf. SNG	Írland	Fiskeldisbúnaður	65%	35%
Hampiðjan Ísland ehf.	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Russia Ltd	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot ehf.	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf.	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
P/F Von	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	100%	
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veiðarfæragerð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Ísland	Sölufélag	100%	
Volu Ventis ApS, dótturfélag P/F Vónin	Danmörk	Vöruþróun	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin UK, dótturfélag P/F Von	Skotland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Vonin Scotland, dótturfélag P/F Von	Skotland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Jackson Trawls Ltd	Skotland	Veiðarfæragerð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	
Mørenot Holding AS	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Mørenot Fishery AS, dótturf. Mørenot Holding AS	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Aquaculture AS, dótturf. Mørenot Holding AS	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Hampidjan Advant AS, dótturf. Mørenot Holding AS	Noregur	Sölufélag	100%	
Mørenot Eiendom I AS, dótturf. Mørenot Fishery	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Baltic Sea Steel, dótturf. Mørenot Fishery	Litháen	Hleraframleiðandi	100%	
Mørenot Denmark AS, dótturf. Mørenot Aquaculture	Danmörk	Aflögð starfsemi	100%	
Poldan Nets, dótturfélag Mørenot Denmark AS	Pólland	Aflögð starfsemi	100%	
Mørenot Baltic, dótturf. Mørenot Aquaculture	Litháen	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot China, dótturf. Mørenot Fishery AS	Kína	Kaðla- og önglaframleiðsla	100%	
Mørenot China Trading, dótturf. Mørenot Fishery	Kína	Innkaupafélag	100%	
Mørenot Korea Co. Ltd., dótturf. Mørenot Fishery	S Kórea	Sölufélag	100%	
Mørenot Canada, dótturf. Mørenot Aquaculture	Kanada	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot Mediterranean, dótturf. Mørenot Aquaculture	Spánn	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot Ísland ehf., dótturf. Hampiðjunar Ísland ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	
Eldi Protection AS	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Eldi Aqua Iceland ehf.	Ísland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.	Indland	Kaðla- og netaframleiðsla	75%	25%
BK Global SHA, dótturfélag Kohinoor Ropes	Indland	Kaðla- og netaframleiðsla	51%	49%
Hampidjan Poland	Pólland	Sölufélag	100%	

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 15,9 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,6 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Voot ehf., Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd., Jackson Offshore Supply Ltd. og Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.

Swan Net Gundry Ltd. á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 5 um starfspætti, starfspáttur 2.

Viðauki - (óendurskoðað)

Ófjárhagslegar upplýsingar

Um Hampiðjuna

Hampiðjan er hlutafélag sem stofnað var vorið 1934. Meginstarfsemi Hampiðjunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum ásamt vörum og þjónustu fyrir fiskeldisfyrirtæki.

Hampiðjan var meðal 5 fyrstu fyrirtækjanna sem fengu hlutabréf sín skráð hjá nýstofnuðum Hlutabréfamarkaði hf. í nóvember árið 1985. Félagið fór síðan á Verðbréfaþing Íslands árið 1992 sem síðar varð Nasdaq OMX og síðan á First North árið 2007. Félagið færði sig síða upp á aðalmarkað Nasdaq OMX á Íslandi og voru bréfin tekin til viðskipta þann 9. júní 2023.

Í árslok 2025 samanstendur samstæða Hampiðjunnar af 51 fyrirtækjum í 21 landsvæði víðs vegar um heim. Hjá félaginu starfa 2.645 starfsmenn.

Hampiðjan framleiðir efni, kaðla og net, fyrir veiðarfæri í verksmiðju sinni í Litháen og selur þau síðan til annarra fyrirtækja innan samstæðunnar. Þau selja síðan þær vörur ásamt öðrum vörum, keyptum af þriðja aðila, til fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi, bæði sem fullbúin veiðarfæri og sem íhluti í veiðarfæri og kvíar fyrir fiskeldi. Á árinu 2025 gekk Hampiðjan hf. frá kaupum á 75,1% hlut í indverska neta- og kaðlaframleiðslufyrirtækinu Kohinoor Ropes. Fyrir Hampiðjuna skapa þessi viðskipti mikla möguleika á hagræðingu í rekstri og sókn inn á nýja markaði. Virðisكةða Hampiðjunnar, frá plastkornum til fullkomnustu flottrolla og fiskeldiskvía, breikkar við kaupin en þriðjungur af kaðlanotkun félaga innan Hampiðjunnar kemur í dag frá Kohinoor. Einnig framleiðir Hampiðjan vörur fyrir olíuiðnað, djúpsjávarverkefni og stroffur fyrir þungalyftur.

Umhverfismál

Stjórn og stjórnendur leggja mikla áherslu á umhverfismál í gegnum bæði daglegan rekstur sem og í rannsóknar- og þróunarvinnu. Hampiðjan hf. hefur sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins og er grundvöllur vinnu félagsins í umhverfismálum.

Stöðugt er unnið að því að hanna og útbúa veiðarfæri, búnað fyrir fiskeldi og íhluti sem draga úr umhverfisáhrifum. Troll sem eru léttari í drætti minnka eldsneytisnotkun um borð í skipum og draga jafnframt úr raski á hafsbotni á veiðisvæðum. Einkaleyfisvarin Flow-Gear tækni, ný tegund af gúmmibobbingalengjum, dregur bæði úr áhrifum á hafsbotninn og bætir flæði inn í trollið er dæmi nýlegt dæmi um þróun á umhverfissvænni veiðarfærum. Á sviði fiskeldis hefur Eldi sett á markað nýtt kerfi til söfnunar á úrgangi frá fiskeldiskvíum, BioSeize, sem umbreytir lífrænum úrgangi í auðlind og dregur úr staðbundnum umhverfisáhrifum af starfseminni.

Á árinu 2021 fékk Hampiðjan vottun í umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 frá Det Norske Veritas (DNV) fyrir starfsemi sína á Íslandi. Þessi alþjóðulegi staðall nær yfir stefnumótun, markmiðasetningu, framkvæmd og eftirlit allra umhverfisþátta félagsins. Einnig hefur Hampiðjan Baltic, Hampiðjan Ísland, Hampiðjan Advant, Mørenot Aquaculture (Eldi Norway), Mørenot Fishery, Mørenot Baltic (Eldi Baltic), Mørenot Mediterranean (Eldi Spain), Mørenot China, Swan Net Gundry og Coastal Cages, hlotið ISO 14001 vottun. Til stendur að fá samskonar vottun fyrir öll dótturfélög samstæðunnar.

Hampiðjan leggur ríka áherslu á sjálfbæra meðhöndlun úrgangs til að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Meðal lykilverkefna er að draga úr urðun úrgangs með markvissi flokkun og að efla endurvinnslu í öllum helstu starfsþáttum okkar. Afgangsefni frá framleiðslu og umbúðarúrgangur eru því, eftir því sem kostur er, endurunnin til að stuðla að betri nýtingu og draga úr umhverfisfótspori félagsins.

Hampiðjan vinnur með viðskiptavinum sínum að endurvinnslu á notuðum veiðarfærum og fiskeldiskvíum meðal annars með því að hluta eldri veiðarfæri í sundur og aðskilja milli efna. Hampiðjan hefur fundið samstarfsaðila sem sérhæfa sig í endurvinnslu á efnum sem notuð eru í veiðarfæri. Nefna má sérstaklega Plastix í Danmörku sem endurvinnur PE net og kaðla, Polivektris í Litháen sem endurvinnur nylon og Aquafil í gegnum Nofir sem endurvinnur nætur frá fiskeldi. Einnig erum við með samstarfsaðila í Hollandi, Granuband, fyrir endurvinnslu á gúmmibobbingalengjum.

Fyrir skömmu voru tvær fiskeldiskvíar í fullri stærð, gerðar alfarið úr endurunnu nyloni, teknar í notkun hjá norska fiskeldisfyrirtækinu Grieg Seafood en hingað til hefur ekki verið mögulegt að endurvinnna nylon úr netum án þess að tapa gæðum. Fiskeldisnetin eru hluti nýsköpunarverkefnisins Circular Fish Farming Nets (CFFN) sem unnið var í samstarfi Hampiðjunnar, Nofir, AKVA Group, Aquafil og Grieg Seafood. Með því hefur verið sýnt fram á að hægt er að nota endurunnið efni í nýjar vörur án þess að skerða gæði og á sama tíma draga úr úrgangi og vernda umhverfið.

Verkefnið, sem stutt er af Umhverfissjóði Verslunarinnar (Handelens Miljøfond) í Noregi, er gott dæmi um möguleika hringrásarhagkerfisins í fiskeldi og sjávarútvegi, ekki síst þar sem miklar líkur eru á að hægt sé að útvíkka það innan greinarinnar og auka þannig notkun á endurunnum plastefnum.

Allar þessar endurvinnsluleiðir skapa tækifæri til að skapa nýjar vörur úr notuðum veiðarfærum sem fá áframhaldandi líf t.d. í bílum, á leikvöllum eða í líkamsræktarsólum. Hampiðjan vinnur einnig í samstarfi við þessi enduvinnslufyrirtæki á þann hátt að kanna möguleika til að nota endurunnið hráefni aftur í veiðarfæragerð og með því að loka hringrásinni. Hampiðjan vinnur einnig áfram að því að finna endurvinnsluleiðir fyrir öll hráefni innan vöruframboðs Hampiðjunnar.

Innan Hampiðjunnar Baltic er eigin endurvinnsla á PE efnum sem falla til í framleiðsluferlinu ásamt því að samskonar hrein efni sem falla til hjá fyrirtækum samstæðunnar eru flutt til aftur til Hampiðjunnar Baltic til endurvinnslu og eru notuð aftur í veiðarfæragerð.

Hampiðjan hefur frá árinu 2023 safnað og birt upplýsingar um beina losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin starfsemi (Scope 1) sem og óbeina losun vegna raforku og hitaveitu (Scope 2), þó að sumar rekstrareiningar hafi hafið slíka gagnaöflun fyrr. Á árinu 2024 tók samstæðan jafnframt skref í átt að auknu gagnsæi með því að greina og upplýsa um valda losun í virðiskeðjunni (Scope 3).

Á árinu 2024 gaf Eldi út umhverfisyfirlýsingar vöru (Environmental Product Declarations, EPD) fyrir tvær vörur. Yfirlýsingarnar byggja á lífsferilsgreiningu og gera hagsmunaaðilum keift að bera saman umhverfisáhrif á gagnsæjan og staðlaðan hátt. Verkefnið styður innleiðing gagnadrifinna ákvarðana í vöruþróun, innkaupum og þjónustu við viðskiptavinum.

Hampiðjan er einn af aðal stuðningsaðilum Bláa Hersins sem eru umhverfisverndarsamtök sem leggja áherslu á baráttuna við plastmengun í hafinu með hreinsunarstörfum, hvatningu og vitundarvakningu.

Samfélagsleg ábyrgð

Starfsmenn Hampiðjunnar og fjölskyldur þeirra hafa unnið með umhverfissamtökunum Bláa hernum í því að hreinsa strendur landsins. Hefur verið tekinn heill dagur þar sem farið er með Bláa hernum á ákveðna strönd sem forsvarsmenn Bláa hersins hafa valið til hreinsunar og vinna starfsmenn þar með Bláa hernum í því að fjarlægja allt rusl sem í fjörunni er. Afrakstur þessara hreinsunardaga er væntanlega á milli 9 til 10 tonn af ýmsum úrgangi sem komið hefur verið í endurvinnslu eða urðun eftir því sem við á.

Hampiðjan er einnig styrktaraðili ýmissa samfélagslegra verkefna á þeim svæðum sem félagið er með starfsemi.

Hampiðjan hefur ekki sett sér stefnu um veitingu styrkja til samfélagslegra mála en styrktarbeiðnir eru skoðaðar og til þeirra tekin afstaða þegar þær berast.

Starfsmannamál, mannauður og öryggismál

Hampiðjan leggur áherslu á að félagið hafi á að skipa hæfu og heiðarlegu starfsfólki og að starfsfólki sé gefin sem best starfsskilyrði til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið hverju sinni. Hampiðjan leggur áherslu á að skapa starfsfólki sínu jöfn tækifæri og að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs eða uppruna. Hampiðjan vill í störfum sínum stuðla að því að reynsla og hæfileikar starfsfólks komi félaginu, starfsmönnum og samfélaginu til ávinnings.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum, þremur körlum og tveimur konum.

Félagið hefur lokið vinnu í tengslum við uppsetningu á jafnlaunakerfi fyrir Hampiðjuna hf. og Hampiðjuna Ísland ehf. Kerfið hefur verið tekið út af vottunaraðilum og hlotið vottun í samræmi við þau lög sem gilda um jafnlaunavottun.

Nokkur dótturfélög innan Hampiðjunnar hafa hlotið ISO-vottun fyrir stjórnunarkerfi á sviði heilsu, öryggis og vinnuumhverfis (ISO 45001). Þessi félög eru Hampiðjan Baltic, Hampiðjan Advant AS, Mørenot Aquaculture AS (Eldi Noregi), Mørenot Mediterranean (Eldi Spáni) og Mørenot Fishery AS

Mannréttindi, siðferði, spilling og mútumál

Hampiðjan virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagaþrengis og kjarasamninga. Hampiðjan leggur áherslu á að undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar sína starfsmenn.

Hampiðjan leggur áherslu á heiðarleg vinnubrögð og er hvorki spilling né mútubægni liðin.

Félagið hefur sett sér stefnu varðandi þessi málefni sem er samþykkt af stjórn félagsins. Vinnu var lokið á árinu við að innleiða þau viðmið sem stjórn félagsins hefur samþykkt hjá öllum félögum innan samstæðunnar í takt við lög og reglur í þeim löndum sem félögin starfa í. Hampiðjan hefur sett á laggirnar ESG-mat á birgjum til að afla innsýnar í vinnu- og starfsskilyrði í virðiskeðjunni. Matið nær meðal annars til þátta á borð við stjórnarhætti fyrirtækja, spillingu, mannréttindi, mannsæmandi starfsskilyrði, heilsu og öryggi, sem og umhverfismál.

Sem hluti af matinu er birgjum jafnframt gert að kynna sér og fylgja siðareglum birgja Hampiðjan samstæðunnar (Supplier Code of Conduct). Matið hefur verið send til valinna lykilbirgja samstæðunnar og er liður í markvissri vinnu við að efla ábyrgð, gagnsæi og sjálfbærni í allri virðiskeðjunni

Frekari upplýsingar um stefnur og reglur sem félagið hefur sett sér má finna í stjórnarháttaryfirlýsingu sem fylgir þessum ársreikningi sem og á heimasíðu félagsins www.hampidjan.is

Skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB

1. Almennar upplýsingar

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem sett eru fram í framseldum reglugerðum og stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf.

Til að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag til eins eða fleiri umhverfismarkmiða, en á sama tíma ekki valda öðrum markmiðum tjóni. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum. Umhverfismarkmiðin sex eru: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 ásamt breytingum með framseldri reglugerð ESB 2022/1214 um atvinnustarfsemi tiltekinnar orkugeira. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi innan ESB árið 2023 og hér á landi frá og með 1. janúar 2025.

Sem hluta af einföldunarpakka ESB (EU Omnibus simplification package) var gefin út framseld reglugerð (EU) 2026/73 þann 4. júlí 2025, með möguleika á frestun til 1.1.2026. Fjallar hún um breytingu á framseldri reglugerð ESB 2021/2178 að því er varðar einföldun framsetningar upplýsinga sem ber að birta um umhverfislega sjálfbæra starfsemi og á framseldum reglugerðum ESB 2021/2139 og ESB 2123/2486 að því er varðar einföldun tiltekinnar tæknilegra matsviðmiða við ákvörðun á hvort að starfsemi valdi ekki umtalsverðu tjóni. Reglugerðin hefur ekki verið innleidd hér á landi.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda (CapEx) og rekstrargjalda (OpEx) fyrir nýliðið rekstrartímabil á „hæfri starfsemi“, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera „samræmd starfsemi“ eða „umhverfislega sjálfbær“.

Á Íslandi gildir reglugerðin um þau fyrirtæki sem falla undir kröfu um að birta ófjárhagslegar upplýsingar í samræmi við gr. 66d Ársreikningalaga nr. 3/2006 og Hampiðjan Group (hér eftir Hampiðjan) er þar á meðal. Umfang þessarar skýrslu varðar fyrirtæki Hampiðjunnar í Evrópu.

2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir í skilningi reglugerðarinnar

Hampiðjan hefur metið starfsemi sína á grundvelli þeirrar starfsemi sem flokkunarkerfi ESB nær nú yfir. Hampiðjan telur flokkunarkerfið ná yfir atvinnustarfsemi og hana því gjaldgenga, ef hún er hluti af starfsemi félagsins, ef hún samræmist lýsingu sem sett er fram í flokkunarreglugerðinni, ef hægt er að meta hana út frá tæknilegum matsviðmiðum og ef hún fer yfir efnisþröskuld. Stærstur hluti atvinnustarfsemi Hampiðjunnar - framleiðsla og sala á iðnaðarveiðarfærum, fiskeldisbúnaði og búnaði fyrir úthafsiðnað - fellur enn ekki undir flokkunarkerfi ESB.

Hampiðjan metur sem svo að tveir þættir í starfsemi félagsins teljist til atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (e. taxonomy eligible). Það eru kaup og eignarhald á byggingum, undir umhverfismarkmiðinu mildun loftslagsbreytinga, og viðgerðir endurnýjun og endurframleiðsla, undir umhverfismarkmiðinu umskipti yfir í hringrásarhagkerfi.

2.1 Kaup og eignarhald á byggingum (CCM 7.7)

Hampiðjan bæði á og leigir fasteignir sem standa undir rekstri félagsins. Leiga á eignum þar sem félagið er með starfsemi er talin falla undir umfang lýsingarinnar.

2.2 Viðgerðir, endurnýjun og endurframleiðsla (CE 5.1)

Starfsemi Hampiðjunnar nær yfir viðgerðir og endurbætur á veiðarfærum og fiskeldisnetum, sem eykur notagildi og lengir verulega endingartíma búnaðarins. Slík þjónusta getur m.a. falist í þrifum, tog- og styrkleikaprófunum, viðgerðum á netum og aðgerðum til að koma í veg fyrir gróðurmyndun.

3. Umhverfislega sjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)

3.1 Kaup og eignarhald á byggingum (CCM 7.7)

Hampiðjan hefur metið mögulega samræmingu við flokk kaup og eignarhald á byggingum í samræmi við tæknileg matsviðmið í framseldri reglugerð ESB 2021/2139. Niðurstöðu matsins má sjá í töflu 3.1. Mat samræmdri starfsemi í flokki kaup og eignarhald á byggingum.

Tafla 3.1: Mat á starfsemi 7.7 Kaup og eignarhald á byggingum

Viðmið		Mat Hampiðjunnar
Verulegt framlag	1) mildun loftslagsbreytinga	Ekki uppfyllt, þar sem fyrirtækið getur ekki sýnt fram á að neinar byggingar þess séu í samræmi við kröfur mildunar loftslagsbreytinga sem verulegt framlag.
Að valda ekki umtalsverðu tjóni (DNSH)	2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	Mat á að valda ekki umtalsverðu tjóni hefur ekki verið framkvæmt fyrir byggingar Hampiðjunnar að svo stöddu, þar sem byggingarnar uppfylla ekki kröfur verulegs framlags.
	3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Á ekki við (Kemur ekki fram í tæknilegum matsviðmiðum)
	4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	Á ekki við (Kemur ekki fram í tæknilegum matsviðmiðum)
	5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Á ekki við (Kemur ekki fram í tæknilegum matsviðmiðum)
	6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Á ekki við (Kemur ekki fram í tæknilegum matsviðmiðum)
Lágmarksverndarráðstafanir		Á ekki við þar sem ekki er unnt að uppfylla verulegt framlag (Fyrir frekari upplýsingar, sjá 3.3 Lágmarksverndarráðstafanir)

Matið leiddi í ljós að Hampiðjan getur ekki sýnt fram á umhverfislega sjálfbærni bygginga sinna í Evrópu.

3.2 Viðgerðir, endurnýjun og endurframleiðsla (CE 5.1)

Hampiðjan getur ekki sýnt fram á að starfsemi félagsins sem snýr að viðgerðum og endurbótum teljist til atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (e. taxonomy aligned) þar sem hún uppfyllir öll tæknileg matsviðmið sem tilgreind eru í flokkunarkerfinu. Starfsemin fellur því ekki að flokkunarkerfinu.

3.3 Lágmarksverndarráðstafanir

Í 18. grein flokkunarreglugerðar ESB er mælt fyrir um lágmarksverndarráðstafanir, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna OECD um fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þar á meðal meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamningum sem getið er í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) um grundvallarreglur og réttindi við vinnu og í alþjóðaréttindaskránni. Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni út frá þessum kröfum sem mannréttindi, spilling og mútur, skattlagning og sanngjörn samkeppni

Hampiðjan metur sem svo að félagið fylgi reglum við lágmarksverndarráðstafanir. Hampiðjan hefur skuldbundið sig til að fara að lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins og stunda viðskipti í samræmi við grundvallarmannréttindi sem kveðið er á um í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, svo og alþjóðlega viðurkennd mannréttindi. Frekari upplýsingar má finna í Siðareglum Hampiðjunnar og Mannréttindastefnu Hampiðjunnar.

4. Lykilmælikvarðar

ESB hefur gefið út leiðbeiningar um útreikninga á lykilmælikvörðum (KPIs) í framseldri reglugerð ESB 2021/2178. Hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda er reiknað út í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðar ESB. Hins vegar er möguleiki á að kröfur eða aðferðafræði breytist eftir því sem reglugerðin þróast, sem gæti haft áhrif á framtíðarútreikninga fyrirtækisins.

Eftirfarandi málsgreinar og lykilmælikvarðar fjalla eingöngu um starfsemi Hampiðjunnar í Evrópu og ekki dótturfélög í öðrum heimshlutum. Aðrir staðir munu fylgja í kjölfarið eftir því sem vinnu við flokkunarreglugerðina vindur fram. Fyrir alla lykilmælikvarða tekur teljari og nefnari því einungis mið af fyrirtækjum Hampiðjunnar í Evrópu. Því er ekki hægt að samræma heildarveltu og fjárfestingarkostnað við viðeigandi skýringar í uppgjöri Hampiðjunnar. Fjárhæðir eru í þúsundum Evra (KEUR).

4.1 Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu þeirra fyrirtækja sem innifalin eru í útreikningum fyrir árið 2025. Hæf velta Hampiðjunnar á við um allar leigutekjur af byggingum félagsins til utanaðkomandi aðila og utanaðkomandi tekjur frá viðgerðar- og endurbótastarfsemi, sem nemur 10 prósentum af heildarveltu. Sjá hlutföll í töflu 4.1 Velta.

4.2 Fjárfestingargjöld (CapEx)

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 19.139 þúsundum evra á árinu 2025 í samræmi við viðbætur ársins. Hæf fjárfestingargjöld Hampiðjunnar vísa til hvers kyns viðbóta sem gerðar eru á árinu við byggingar í eigu eða langtímaleigu félagsins og allra viðbóta á árinu sem tengjast þjónustustarfsemi félagsins. Samanlögð hæf fjárfestingargjöld nema allt að 20% af heildarfjárfestingargjöldum. Sjá hlutföll í töflu 4.2 Fjárfestingargjöld.

4.3 Rekstrargjöld (OpEx)

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 6.733 þúsundum evra á árinu 2025 og þar af eru 48% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu 4.3 Rekstrargjöld.

5 Starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas

Að lokum birtir Hampiðjan upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar ESB 2021/2178. Þar sem Hampiðjan er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki taldir fram.

Starfsemi sem tengist kjarnorku	Já/Nei
1. Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.	Nei
2. Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggisuppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni.	Nei
3. Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum.	Nei
Starfsemi sem tengist jarðgasi	
4. Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
5. Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs sambættra varma-/kæli- og orkuframleiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
6. Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei

Tafla 4.1 Velta

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heldarvetla (3)	Hlutféla vetlu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")										Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "umbreyti ngarstarfsemi" (21)
				Mikluvegi við brotsgræðingur (5)*	Aðlagun að brotsgræðingum (6)	Vans- og sjávarauðindir (7)	Hringrásarhlæðir (8)	Mengun (9)	Uffræðing fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mikluvegi við brotsgræðingur (11)	Aðlagun að brotsgræðingum (12)	Vans- og sjávarauðindir (13)	Hringrásarhlæðir (14)	Mengun (15)	Uffræðing fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmæls verndarstærðir (17)	Hlutféla vetlu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)				
		1000 EUR	%	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																					
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																					
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%							Já	0%			
Þar af starfsemi sem gerir annarri kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum				0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%	E		
Þar af umbreyting				0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%		T	
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																					
				EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL												
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	278	0%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								0%			
Viðgerðir, endurnýjun og endurframleiðsla	CE 5.1	27.506	10%	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	EL	N/EL	N/EL								EV			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		27.784	10%	0%	0%	0%	10%	0%	0%									0%			
A. Velta af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1 + A.2)		27.784	10%															0%			
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																					
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		259.118	90%																		
Alls (A+B)		286.902	100%																		

Tafla 4.2 Fjárfestingargjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heldur fjárfestingargjöld (3)	Hlutskilur fjárfestingargjalds (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")										Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "umbreyti ngarstarfsemi" (21)
				Mikluvegi við brotságreifingar (5)*	Aðlagun að brotságreifingum (6)	Vans- og sjávarauðindir (7)	Hringrásarhlæðir (8)	Mengun (9)	Uffræðing, fjölbeyrni og vískafti (10)	Mikluvegi við brotságreifingar (11)	Aðlagun að brotságreifingum (12)	Vans- og sjávarauðindir (13)	Hringrásarhlæðir (14)	Mengun (15)	Uffræðing, fjölbeyrni og vískafti (16)	Lágmæls verndarstærðir (17)	Hlutfall fjárfestinga gjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)				
		1000 EUR	%	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																					
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																					
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	-	-	-	-	-	-	Já	0%		
Þar af starfsemi sem gerir annarri kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum				0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	-	-	-	-	-	-	0%	E		
Þar af umbreyting				0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	-	-	-	-	-	-	0%		T	
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																					
				EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL											
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	2.808	15%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL											
Viðgerðir, endurnýjun og endurframleiðsla	CE 5.1	983	5%	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	EL	N/EL	N/EL											
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		3.791	20%	15%	0%	0%	5%	0%	0%	0%											
A. Fjárfestingargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1 + A.2)		3.791	20%	15%	0%	0%	5%	0%	0%	0%											
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																					
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			15.348	80%																	
Alls (A+B)			19.139	100%																	

Tafla 4.3 Rekstrargjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heldur rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalds (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")										Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "umbreyttar starfsemi" (21)	
				Mikluvegi við birtisþæfingur (5)*	Aðlagun að loftslagsþæfingum (6)	Vans og sjávarauðindir (7)	Hringrásarhlæðir (8)	Mengun (9)	Uffræðing fjölbreytni og vinstæri (10)	Mikluvegi við birtisþæfingur (11)	Aðlagun að loftslagsþæfingum (12)	Vans og sjávarauðindir (13)	Hringrásarhlæðir (14)	Mengun (15)	Uffræðing fjölbreytni og vinstæri (16)	Lágmæls vinnendastærktær (17)	Hlutfall rekstrargjalds sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)					
		1000 EUR	%	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																						
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																						
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	Já	0%				
Þar af starfsemi sem gerir annarri kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum				0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%		0%	E			
Þar af umbreyting				0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%		0%		T		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																						
				EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL	EL/N/EL												
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	1.351	20%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL												
Viðgerðir, endurnýjun og endurframleiðsla	CE 5.1	1.865	28%	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	EL	N/EL	N/EL												
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		3.216	48%	20%	0%	0%	28%	0%	0%	0%												
A. Rekstrargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1 + A.2)		3.216	48%	20%	0%	0%	28%	0%	0%	0%												
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																						
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		3.517	52%																			
Alls (A+B)		6.733	100%																			

Viðauki - (óendurskoðað)

Stjórnarháttayfirlýsing

1. Stjórnarhættir

a. Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti, lög og reglur

Hampiðjan hf. (hér eftir „Hampiðjan“ eða „félagið“) er hlutafélag og hefur félagið fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ á Íslandi. Tilgangur félagsins, samkvæmt samþykktum, er að stunda veiðarfæraíðnað, þjónustu við sjávarútveg og fiskeldi, ásamt sölu og framleiðslu á tógum og stroffum úr ofurefnum, og fjárfestingar í félögum tengdum sömu greinum, ásamt því að reka verslanir með eigin framleiðsluvörur og aðrar skyldar vörur.

Helstu lög sem tengjast stjórnarháttum og gilda um Hampiðjuna eru lög nr. 2/1995 um hlutafélög og ársreikningalög nr. 3/2006. Helstu önnur lög sem gilda um starfssemi félagsins eru samkeppnislög nr. 44/2005, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Jafnframt byggja stjórnarhættir á ákvæðum samþykktar félagsins, dags. 2. júní 2023, og starfsreglum stjórnar, sem síðast voru uppfærðar þann 9. mars 2023. Gildandi samþykktir stjórnar og starfsreglur stjórnar má finna á heimasíðu Hampiðjunnar.

Stjórn félagsins telur stjórnarhætti vera í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, en 6. útgáfa leiðbeininganna var gefin út 2021, nema annars sé getið í stjórnarháttayfirlýsingu þessari.

b. Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Félagið hefur ekki skipað tilnefningarnefnd. Ekki hefur verið kallað eftir því af hálfu hluthafa að tilnefningarnefnd sé komið á fót á vettvangi félagsins. Þá hefur stjórn ekki séð ástæðu til að setja á laggirnar slíka nefnd við núverandi aðstæður. Ekki er heldur starfandi starfskjaranefnd stjórnar á vettvangi félagsins en stjórn félagsins hefur ekki þótt ástæða til að hafa slíka nefnd.

c. Aðrar reglur og viðmið sem farið er eftir.

Stjórn Hampiðjunnar hefur sett félaginu og dótturfélögum þess ýmsar reglur og stefnur sem fara ber eftir í samstæðu félagsins, m.a. með það að markmiði að viðhafa góða stjórnarhætti.

Starfskjarastefna:

Í samræmi við skyldur samkvæmt ákvæðum 79. gr. a. í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 var starfskjarastefna Hampiðjunnar samþykkt á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2025. Starfskjarastefnan byggir á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja og tekur mið af langtímahagsmunum félagsins, hluthafa, starfsfólks og viðskiptamanna þess. Félagið hefur það að markmiði að búa vel að starfsfólki sínu og tryggja því eðlilegan afrakstur vinnu sinnar. Starfskjarastefnan skal gera félaginu kleift að laða til sín og halda í hæft starfsfólk, ekki síst það sem ber meginábyrgð á stjórnun og þróun félagsins. Þá segir í starfskjarastefnunni að miðað sé að því að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur, svo sem kaupauka til að markmiðum starfskjarastefnunnar verði náð.

Persónuverndarstefna:

Hampiðjan hefur sett sér persónuverndarstefnu á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Er tilgangur stefnunnar að tryggja sem best fylgni við ákvæði laganna varðandi meðferð persónuupplýsinga. Gildandi persónuverndarstefna félagsins var samþykkt 18. mars 2021 og er birt á heimasíðu félagsins.

Umhverfisstefna:

Hampiðjan hefur sett sér umhverfisstefnu til staðfestingar á því að félagið vinnur að því markmiði að draga úr öllum neikvæðum umhverfisáhrifum af sinni daglegu starfsemi. Umhverfisstefnan er mörkuð fyrir Hampiðjuna og er jafnframt stefnumarkandi fyrir dótturfélög félagsins víða um heim. Gildandi umhverfisstefna félagsins var samþykkt 18. mars 2021 og er birt á heimasíðu félagsins.

Viðauki - (óendurskoðað)

Siðareglur:

Hampiðjan hefur sett siðareglur sem gilda um starfsemi félagsins og dótturfélaga þess. Reglunum er ætlað að stuðla að að heiðarlegri og siðferðilega rétttri hegðun félagsins, dótturfélaga og starfsfólks. Gildandi siðareglur félagsins voru samþykktar 23. nóvember 2023 og eru birtar á heimasíðu félagsins.

Þá hefur Hampiðjan sett birgjum sínum og dótturfélögum félagsins siðareglur þar sem settar eru fram ákveðnar lágmarkskröfur sem félagið ætlast til að birgjar félagsins uppfylli. Birgjar félagsins skulu afhenda vörur og veita þjónustu sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða og siðareglur félagsins fyrir birgja. Gildandi siðareglur félagsins fyrir birgja voru samþykktar 23. nóvember 2023 og eru birtar á heimasíðu félagsins.

Arðgreiðslustefna:

Stjórn félagsins hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs skuli haft til hliðsjónar að félagið haldi sterkum efnahag og geti mætt þeim sveiflum sem fylgt geta því rekstrarumhverfi sem félagið starfar í. Segir í stefnunni að mikilvægt sé að félagið hafi getu til þess að grípa góð tækifæri til vaxtar og styrkingar fyrir félagið og hluthafa þess. Í stefnunni kemur fram að stjórnin telur einnig mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem þeir hafa bundið í félaginu. Það er því stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð sem nemi 30-40% af hagnaði liðins rekstrarárs.

Mannréttindastefna:

Félagið hefur sett sér mannréttindastefnu sem á við um það og dótturfélög þess. Auk þess væntir Hampiðjan þess að allir birgjar og viðskiptafélagar fylgi siðareglum birgja Hampiðjunnar. Mannréttindastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Stefna varðandi uppljóstrun:

Hampiðjan hefur sett sér stefnu varðandi uppljóstrun sem hefur að geyma leiðbeiningar og verkferla sem taka mið af lögum nr. 40/2020. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Jafnlauna og jafnréttisstefna:

Félagið hefur sett sér stefnu í jafnréttismálum og jafnlaunamálum til að jafna stöðu starfsfólks og tryggja jöfn tækifæri fyrir einstaklinga á sem flestum sviðum, óháð aldri, kyni, uppruna eða öðrum persónubundnum þáttum. Stefnan var samþykkt þann 25. ágúst 2022 og er birt á heimasíðu félagsins.

Að auki hefur félagið sett sér vinnuverndarstefnu og eldvarnarstefnu ásamt stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Þær stefnur eru flokkaðar sem innanhússtefnur og ekki birtar á heimasíðu félagsins.

2. Innra eftirlit og áhættustýring.

a. Innra eftirlit og áhættustýring.

Innra eftirlit hefur það að markmiði að styðja við að félagið nái markmiðum sínum. Öll starfsemi félagsins, og dótturfélaga þess, er samtvinnuð innra eftirliti og er hluti af stjórnkerfi þess þar sem hlutverk, völd og ábyrgð einstakra stjórnareininga eru skilgreind. Innra eftirlit félagsins felst í því að fyrirbyggja hugsanleg mistök með því að fyrir liggi skýrir verkferlar í tengslum við starfsemi félagsins og dótturfélaga þess, s.s. varðandi vöruþróun og framleiðslu, en einnig í skilvirku eftirliti með virkni og framkvæmd þessara verkferla, sem og í yfirsýn og eftirliti með fjárhagslegum þáttum starfseminnar.

Starfssemi samstæðu félagsins teygir sig til 21 landsvæðis og eru dótturfélög félagsins samtals 51. Innra eftirlit og áhættustjórnun eru lykilþættir í starfssemi félagsins. Virkt innra eftirlit með starfssemi allra dótturfélaga dregur úr áhættu m.a. við samningu reikningsskilmála. Til staðar er viðeigandi aðgreining starfa.

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Rekstur félagsins í heild, og hvers dótturfélags, er gerður upp mánaðarlega, sem gerir stjórnendum og stjórn kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum og gera ráðstafanir ef vart verður við verulega neikvæðar breytingar. Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, reglulega skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni.

Viðauki - (óendurskoðað)

b. Ytri endurskoðandi.

Endurskoðunarfélag Hampiðjunnar er PricewaterhouseCoopers ehf. Endurskoðendur félagsins eru kosnir árlega á aðalfundi félagsins. Endurskoðendur skulu endurskoða reikningsskil félagsins á grundvelli alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.

c. Regluvarsla

Stjórn félagsins hefur skipað regluvörð fyrir félagið. Hlutverk regluvarðar er m.a. að hafa umsjón með að lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerð MAR sé fylgt í starfsemi félagsins. Regluvörður félagsins er Ólafur Arinbjörn Sigurðsson lögmaður hjá LOGOS en staðgengill regluvarðar er Emil Viðar Eypórsson, fjármálastjóri Hampiðjunnar.

3. Stjórn

a. Samsetning og starfsemi stjórnar

Stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2025 og var stjórnarformaður kosinn sérstaklega. Stjórnina skipa þrír karla og tvær konur og uppfyllir samsetning stjórnar því skilyrði 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög varðandi kynjahlutföll.

Stjórnarmenn hafa lagt fram persónulegar upplýsingar, til að mynda um önnur trúnaðarstörf og möguleg hagsmunatengsl, í þeim tilgangi að auðvelda mat á hæfi þeirra. Allir stjórnarmenn teljast óháðir félaginu og daglegum stjórnendum. Tveir stjórnarmenn teljast óháðir stórum hluthöfum.

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur sem eru yfirfarnar árlega og voru gildandi starfsreglur samþykktar af stjórn hinn 9. mars 2023. Í starfsreglunum er m.a. kveðið á um skipan stjórnar, verkaskiptingu, verksvið stjórnar, fyrirsvar, boðun funda, ákvörðunarvald, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, skýrslugjöf, störf forstjóra, upplýsingagjöf, skipan undirnefnda, reglur verðbréfamarkaðarins, árangursmat og nýja stjórnarmenn.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir á aðalskrifstofu félagsins og voru 11 stjórnarfundir haldnir á líðandi starfsári. Fundina sitja að jafnaði, auk stjórnarmanna, forstjóri, fjármálastjóri og framkvæmdastjóri Hampiðjan Ísland ehf. Fundargerðir stjórnarfundar ritar framkvæmdastjóri Hampiðjan Ísland ehf. Drög fundargerða eru afhent stjórnarmönnum innan sjö daga frá stjórnarfundi.

b. Upplýsingar um stjórnarmenn

Vilhjálmur Vilhjálmsson (1953) er stjórnarformaður Hampiðjunnar. Vilhjálmur hefur setið í stjórn Hampiðjunnar frá árinu 2013 og verið formaður allan þann tíma. Vilhjálmur var forstjóri HB Granda hf. á árunum 2012-2018, stýrði uppsjávardeild HB Granda á árunum 2005-2012 og var framkvæmdastjóri Tanga hf. 2003-2004. Frá árinu 1986 hefur Vilhjálmur gengt ýmsum störfum tengdum sjávarútvegi. Hann er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands, farmannapróf frá Stýrimannaskóla Íslands og útgerðartækni frá Tækniskóla Íslands. Vilhjálmur telst vera óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum.

Auður Kristín Árnadóttir (1974) hefur setið í stjórn Hampiðjunnar frá 2012. Hún er skrifstofustjóri Íspan Glerborgar ehf. Var áður sjálfstætt starfandi, framkvæmdastjóri Opal gistingar ehf á árunum 2015-2017, verkefnastjóri hjá embætti umboðsmanns barna frá 2004-2016. Ýmis önnur tímabundin störf, m.a. á skrifstofu Hampiðjunnar 1996 til 2000. Hún er með MA próf í alþjóðasamskiptum frá University of Warwick í Englandi, próf í kennslufræði til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands og BA í sagnfræði með viðskiptafræði sem aukagrein frá HÍ. Auður telst vera óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum.

Loftur Bjarni Gíslason (1974) hefur setið í stjórn Hampiðjunnar frá 2024. Hann er stjórnarmaður hjá í Álfakór ehf, Bergplast - Sigurplast ehf, Samhentum ehf og Vörumerkingu ehf. Loftur sat einnig sem stjórnarmaður í Nýherja-Origo frá árinu 2013 til 2018. Loftur er framkvæmdastjóri Bergplast - Sigurplast og Álfakór ehf. Hann starfaði áður hjá HB Granda hf. í ýmsum stjórnunarstöðum m.a. sem útgerðarstjóri ísfiskskipa og frystiskipa. Hann er með B.SC í Sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri og hefur m.a. setið námskeið í Opna Háskólanum í Reykjavík um ábyrgð og árangur stjórnarmanna. Loftur telst vera óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum.

Viðauki - (óendurskoðað)

Kristján Loftsson (1943) hefur setið í stjórn Hampiðjunnar frá árinu 2000. Hann er framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Hvals hf., stjórnarformaður Fiskveiðihlutafélagsins Venusar hf. og Eldkórs ehf. Kristján er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands og stundaði nám í Cardiff í Wales. Kristján telst vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

Sigrún Þorleifsdóttir (1968) hefur setið í stjórn Hampiðjunnar frá 2014. Hún starfar sem stjórnunarráðgjafi. Hún var áður mannauðs- og gæðastjóri hjá innviðaráðuneytinu, framkvæmdastjóri gæðastjórnunar og mannauðs hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, framkvæmdastjóri vörustjórnunarsviðs Coca-Cola European Partners Ísland hf. og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Vífilfells hf. Hún var einn af eigendum Attentus -mannauðs og ráðgjafar ehf. og Vendum ehf. og starfaði þar í samtals 5 ár sem stjórnunarráðgjafi. Þá var hún stjórnandi í rúm 15 ár hjá Eimskip, SH/Icelandic. Kenndi leiðtogafræði í MBA námi Háskóla Íslands. Sigrún telst vera óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum.

4. Framkvæmdarstjórn félagsins.

Hjörtur Valdemar Erlendsson (1958) hefur verið forstjóri Hampiðjunnar hf. frá árinu 2014 og hefur hann starfað í rúmlega 40 ár hjá Hampiðjunni hf. og dótturfélögum. Hann var framkvæmdastjóri Hampiðjan Baltic 2003-2014, framkvæmdastjóri Hampiðjan Danmark 2003-2006, framleiðslustjóri Hampiðjunnar 1991-2003 og áður framleiðslustjóri í þráða-, flétti- og kaðladeild Hampiðjunnar á árunum 1985-1991. Hjörtur er með BS próf í Operational Engineering Technology frá Ingeniørhøgskolen København Teknikum 1985 og lauk vélstjórmenntun frá Vélskóla Íslands 1979. Hjörtur gegnir stöðu stjórnarformanns í fjölda dótturfélaga Hampiðjunnar og er jafnframt stjórnarmaður og meðeigandi í fyrirtækinu Innlifun ehf. ásamt konu sinni en það fyrirtæki hannar og selur eldhúsinnréttingar.

Hjörtur skipar framkvæmdastjórn félagsins ásamt Emil Viðari Eypórssyni (1980), fjármálastjóra.

5. Undirnefndir stjórnar

a. Endurskoðunarnefnd

Hlutverk endurskoðunarnefndar er m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og fer yfir mikilvæg atriði varðandi reikningsskil félagsins. Endurskoðunarnefnd er eingöngu til ráðgjafar en getur ekki tekið ákvörðun fyrir hönd stjórnar. Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Hampiðjunnar og skal halda a.m.k einn fund með endurskoðanda félagsins á hverju ári þar sem farið er yfir endurskoðaða ársreikninga og endurskoðunarskýrslu. Á fjárhagsárinu sem lauk hinn 31. desember 2025 voru haldnir fjórir fundir í endurskoðunarnefnd og full mæting á alla fundina.

Endurskoðunarnefnd Hampiðjunnar skipa samkvæmt ákvörðun stjórnar þann 16. apríl 2025 þau Vilhjálmur Vilhjálmsson stjórnarformaður, Sigrún Þorleifsdóttir stjórnarmaður og Jóhann Gunnar Jóhannsson, endurskoðandi og framkvæmdastjóri Securitas. Jóhann Gunnar var tilnefndur af aðalfundi sem óháður aðili í endurskoðunarnefnd. Jóhann Gunnar er einnig formaður nefndarinnar.

6. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar.

Stjórnarformaður Hampiðjunnar, í samráði við forstjóra, annast milligöngu milli stjórnar og hluthafa fyrirtækisins.